



SKOÐUN Skúli Skúlason skrifar um líkamsmynd ungmenna. **13**



MENNING Uppgjör sjómanns á doriúveidum, húmor og hamingja á Suðureyri. **14**



LÍFID Maggi Peran og Maggi Bö hafa slegið í gegn með notkun Snapchat. **26**



SPORT Sundfólkið kom Íslandi á kortið með frábærri frammistöðu á HM. **22**



ENDALAUST TAL OG **365**
10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fánánlega góðu verði.

365

1817
365.is

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

11. ágúst 2015
186. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Stungin til bana

Maður og kona létust eftir að maður réðst á þau með hníf í verslun IKEA í Västerås í Svíþjóð í gær. Þá liggur maður þungt haldinn eftir áráðinu. **10**



Veiðipjófar gripnir

Sænskur rannsóknarlögreglu maður myndaði meintan veiðipjófnað í Skjálftavatni í byrjun mánaðarins. Þrjú menn lögðu net og höfðu á brott með sér tölverðan afla. **2**

Upplýsingar skorti Nokkrir fbúar í Vallahverfinu í Hafnarfirði upplifðu mikla óvissu vegna skorts á upplýsingum meðan lögreglu aðgerðir stóðu þar yfir á sunnudagskvöld. **4**

Met slegið á Dalvík Umferð til og frá Dalvík í kringum Fiskidaginn mikla var talsvert meiri en undanfarin ár. **6**

Ákæra gefin út Gefin hefur verið út ákæra á hendur Íslenskrí konu á þrítugsaldri í Liverpool í Bretlandi vegna aðildar hennar að vörslu 13 kílóa af heróíni og peningþvætti. **10**



2 SÉRBLÖÐ Bílar | Fólk



FARTÖLVUBLAÐ TÖLVULISTANS FYLGIR BLAÐINU Í DAG!

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM!

TÖLVU LISTINN

79.995

tl.is

Málaskráin skemmdi fyrir

Maður sem var að læra til flugs og flugstjórnar fékk neikvæða umsögn þegar hann sótti um aðgang að flugverndarsvæði vegna upplýsinga um hann í málaskrá lögreglu. Var með hreint sakavottorð. Lögmaður mannsins segir málið sýna að notkun á málaskránni sé oft mjög vafasöm. Þingmaður Pírata berst fyrir breytingum.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur ógilt þá ákvörðun ríkislögreglustjóra að veita ungum manni neikvæða umsögn vegna umsóknar hans um aðgang að haftasvæði flugverndar. Maðurinn sótti um aðganginn í tengslum við starf sitt fyrir ISAVIA við flugstjórnar- og flugnám.

Umsögn ríkislögreglustjóra var neikvæð með vísan til fyrirliggjandi upplýsinga um manninn úr málaskrá lögreglunnar. Maðurinn var með hreint sakavottorð, en hafði komið við sögu lögreglu, meðal annars sem vitni og við skýrslugjöf.

„Þetta er fyrst og fremst staðfesting á því að notkun á málaskrá lögreglu er oft og tíðum því miður

mjög vafasöm. Það verður að búa til skýrar reglur um hvað megi geyma þar, hvenær því ber að eyða og með hvaða hætti megi nota það sem þar stendur,“ segir Katrín Oddsdóttir, lögmaður mannsins.

Í dóminum segir að ríkislögreglustjóri hafi á engan hátt rökstutt með hvaða hætti staða mannsins sem vitni í sakamáli gerði það að verkum að umsögnin ætti að vera neikvæð. Staðhæfing lögreglustjórans um að ítrekaðar skráningar í lögreglakerfinu séu almenns eðlis og sýni ekki fram á að tilgreindar skráningar eða upplýsingar um manninn séu til þess fallnar að draga megi í efa hæfi hans til að njóta aðgangs að haftasvæði flugverndar.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, spurði Ólöfu Nordal innan-ríkisráðherra í mars að því hvort gangskör hafi verið gerð að því að setja ákvæði um eyðingu gagna úr gagnagrunninum og lét þess getið að samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hefðu hvorki meira né minna en 19.621 fyrirtæki og 325.003 einstaklingar verið skráðir hjá lögreglu, þar af 19.754 látnir.

„Gagnagrunnurinn þarf að vera settur þannig upp að ef einhver kemur að einhverju máli þá safnist ekki upp einhver slóð sem síðan er hægt að nota gegn viðkomandi án samhengis. Ég hef ekki fengið nægilega skýr svör um þetta en ég veit að þetta kerfi er bara ónothæft. Ég hef ítrekað



„Þetta er fyrst og fremst staðfesting á því að notkun á málaskrá lögreglu er oft og tíðum því miður mjög vafasöm.“

Katrín Oddsdóttir lögmaður

rætt þetta niðri á þingi en svo gerist ekki neitt. Ég mun halda áfram að beita mér fyrir því að þessi mál verði sett í viðunandi horf,“ segir Birgitta.

-fbj



FLAKIÐ FLUTT TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, flutti flak vélarinnar í gærkvöld niður að Bug í Hörgárdal og þaðan með vörubíl til Reykjavíkur. Á annan tug manna tók þátt í aðgerðum á vettvangi sem tóku um tvær klukkustundir. Rannsóknarnefnd samgönguslysa tekur svo til við að rannsaka vélina og leita að orsök slyssins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR JÓNSSON

Áætlað að selja Beaver-sjóflugvél Arngríms Jóhannssonar í Bandaríkjunum: Síðasta ferð vélarinnar hérlendis

SLYS Flug Beaver-flugvélarinnar sem hrapaði í Barkárdal síðdegis á sunnudag var síðasta áætlaða ferð vélarinnar hér á landi. Ferðinni var heitið til Keflavíkur og þaðan til Grænlands. Frá Grænlandi átti að fljúga vélinni til Ameríku.

Gestur Einar Jónsson, framkvæmdastjóri Flugsafns Íslands, staðfestir þetta. „Ég veit að það höfðu ýmsir flugáhugamenn áhuga á henni. Hún var á leiðinni yfir til Ameríku. Það átti að selja hana þar,“ segir Gestur.

Áætluð landing flugvélarinnar í Keflavík var klukkan 16.20 á sunnudag. Þegar vélin hafði ekki látið sjá

sig var Samhæfingarmiðstöð virkjuð tæpri klukkustund síðar. Flugvélin fannst svo klukkan 20.29 í Barkárdal, inn af Hörgárdal.

Vélin var mikið brunnin en Arngrímur Jóhannsson, flugmaður vélarinnar og eigandi, hafði sloppið naumlega út úr henni með nokkur brunasár á líkamanum. Hann var með meðvitund þegar björgunarsveitir bar að garði en farþegi vélarinnar og vinur Arngríms var látinn inni í vélinni.

Flugvélin var frá árinu 1960 en endurbyggð árið 1999. Hún þótti, að sögn Gestis, ein besta flugvél sinnar tegundar í dag.

-snæ/sjá síðu 6



FLUGVÉLIN SEM FÓRST Beaver-sjóflugvél sem fórst í Barkárdal á sunnudag var frá árinu 1960, en endurbyggð 1999.

MYND/FLUGSAFNI ÍSLANDS

Gætu sést við góð skilyrði: Persítar falla um miðja viku

STJÖRNUSKODUN „Við höfum oft ekki gert mikið úr þessu þar sem það er oft enn svo bjart hjá okkur á þessum tíma. En ef skilyrði eru góð ætti fólk að sjá björtustu steinana upp úr klukkan eitt á miðvikudagskvöldið,“ segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnu-skoðunarfélags Seltjarnarness, um loftsteinadrífuna Persítar sem stendur yfir frá 23. júlí til 20. ágúst.

Hann segir að fólk geti hugsanlega séð einhverja steina hrapa til jarðar ef það tekur sér um klukkustund og fylgist með hátt í austri.

Nafnið Persítar er dregið af stjörnumerkinu Perseifur sem er afar áberandi á norðurhveli himins.

-srs




SÆVAR HELGI BRAGASON

VIÐKVÆM HÚÐ?

PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

Neutral

VEÐUR



Fremur hæg suðvestlæg átt í dag. Skýjað með köflum og úrkomulítið, en léttir heldur til þegar líður á daginn, einkum um landið norðan- og austanvert. Milt í veðri, hlýjast í innsveitum.

SIÁ SÍÐU 16

Blönduósbæ barst erindi lögmans fyrir hönd veiðifélags Laxár á Ásum:

Veiðifélag vill stöðva skotfimi

SVEITARSTJÓRNARMÁL Veiðifélag Laxár á Ásum í Austur-Húnavatnssýslu vill láta loka skotsvæði bæjarfélagsins í landi Hjaltabakka. Telur veiðifélagið að hávaðamengun frá skotsvæðinu truflí starfsemi þess en það selur veiðileyfi í ána. Veitt er á tvær stangir í ánni.

Ottar Yngvason hæstaréttarlögmaður skrifaði byggðaráði Blönduósbæjar erindi fyrir hönd veiðifélagsins þar sem farið var fram á tafarlausa lokun skotæfingasvæðisins og að landið yrði hreinsað af mengandi efnum sem eru á svæðinu, eins og það var orðað í bréfinu.

Byggðaráð Blönduósbæjar tók erindið fyrir á byggðaráðsfundi í síðustu viku. Samhljóða var ákveðið að hafna erindi veiðifélagsins og var bæjarstjóra falið að svara erindinu formlega.

- 5A



LAX Á BAKKANUM Laxá á Ásum er líklega ein víðfrægasta íslenska laxveiðiáin og hafa mörg fyrirmennin rennt fyrir fisk þar í gegnum tíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjómanni var bjargað: Bátur brann út af Vestfjörðum

LANDHELGISGÆSLAN Manni var bjargað eftir að eldur kom upp í bát hans þar sem hann var við strandveiðar um 15 sjómílur vestur af Blakksnesi á Vestfjörðum síðdegis í gær.

Landhelgisgæslunni barst neyðarkall frá bátnum um klukkan 16. Þyrta Gæslunnar var send áleiðis, en var snúið við þegar ljóst var að sjómanninum hafði verið bjargað í nærstaddan bát. Þjörgunarskip frá Landsbjörg freistaði þess að bjarga bátnum sem brann.

- kt



JAFNAR ÁSTIR Þessi mótmælandi var einn fjölmargra sem hvöttu stjórnmalamenn til að samþykkja lög.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Púsundir gengu í mótmælagöngum víða um Ástralíu: Krefjast samkynja hjónavígslna

ÁSTRALÍA Þúsundir manna gengu fylktu liði um margar borgir Ástralíu um helgina til að krefjast þess að lög um að leyfa hjónabönd samkynja fólks nái fram að ganga á ástralska þinginu.

Þingmenn úr Frjálslynda flokknum, sem er stjórnarflokkurinn í Ástralíu, ásamt þingmönnum í Verkamannaflokknum, sem er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, munu freista þess að koma málinu á dagskrá þingsins á næstu dögum.

Tony Abbott, forsætisráðherra Ástralíu, hefur ætíð verið mótfallinn hjónaböndum samkynja fólks en hann hefur gert lítið úr þverpólitísku útspli fyrirnefndra þingmanna.

- sfs

Ætlaði að ganga í al-Kaída: Sænsk stúlka í haldi hjá ISIS

SVÍPÍÓÐ Fimmtán ára sænsk stúlka er í haldi ISIS-samtakanna í Sýrlandi. Þetta kom fram í sænskum fjölmiðlum í gær.

Hún strauk af fósturheimili þann 31. maí síðastliðinn í fylgd kærasta síns. Talið er að þau hafi ætlað til Sýrlands til að ganga til liðs við al-Kaída.

Þau voru handsömuð af vígamönnum í borginni Aleppo og hafa verið færð á yfirráðasvæði ISIS.

Talið er að kærasti stúlkunnar, sem er nítján ára, hafi verið þvingaður til að berjast fyrir samtökin.

- sfs

Skýrði afboðun tónleika: Lög um skilnað tóku um of á

MENNING Ein af ástæðum þess að fyrirhugaðri tónleikaferð Bjarkar Guðmundsdóttur var aflýst er hve það hefur tekið á hana að syngja lög nýju plötunnar.

Þetta kemur fram í færslu hennar á Facebook. „Ég vona að í gegnum tíðina hafi ég unnið mér inn næga góðvild til að þetta verði fyrirgefið,“ segir hún.

Nýjasta plata Bjarkar, Vulnicura, fjallar að mestu leyti um sambandslit hennar við listamanninn Matthew Barney.

- jõe



BJÖRK

Stóð veiðipjófa að verki í Skjálftavatni

Sænskur rannsóknarlögreglumáður tók myndir af meintum veiðipjófnaði í Skjálftavatni í byrjun mánaðarins. Þrír menn lögðu net í vatnið um miðnætti og höfðu á brott með sér mikið magn fiskjar. Leigutakar hafa kært málið til lögreglu.

LÖGREGLUMÁL Þrír menn hafa verið kærðir fyrir veiðipjófnað í Skjálftavatni, vatnasvæði Litluár í Kelduhverfi, sem átti sér stað í byrjun mánaðarins. Veiðisvæðið hefur verið í útleigu um nokkurra ára skeið og er aðeins veitt og sleppt í ánni.

Sænskur rannsóknarlögreglumáður, sem var við veiði í Litluá, tók eftir grunsamlegum mannaferðum við Skjálftavatn þetta umrædda kvöld og ákvað að grennslast fyrir um ferðir manna. Grunur hans reyndist á rökum reistur þar sem þeir gengu með mikið magn fiskjar til bifreiðar sinnar. Höfðu þeir notað net og er talið að á annað hundrað kíló af fiski hafi verið tekin ófrjálsri hendi.

Sturla Sigtryggsson, einn þeirra sem eru með svæðið á leigu, segir hér um kláran veiðipjófnað að ræða. „Það sást til manna koma með net inn í Skjálftavatn undir miðnætti og tóku þeir rúmlega eitt hundrað kíló af silungi með sér eftir þessa för. Við lítum þetta alvarlegum augum og höfum kært málið til lögreglu,“ segir Sturla. Hann tekur fram að landeigendur á svæðinu hafi ekki verið þarna að verki einn manna sé tengdur landeiganda. „Við greiðum landeigendum um sex milljónir á ári fyrir leigu á veiðiréttindum og því orkar þau tvímælis þegar menn tengdir landeigendum ná sér í fisk með þessum hætti í á sem leigð er út sem náttúruperla þar sem skylda er að sleppa öllum fiski.“

Aðalsteinn Júlíusson, varðstjóri lögreglunnar á Húsavík, staðfesti í gær að kæra hefði borist og verið væri að taka skýrslur vegna rann-



FULLFERMI Eins og sjá má á myndinni sem náðist af mönnum eru þeir með mikið magn af fiski sem þeir fengu í net. Öllum bleikjum skal sleppt í Litluá og Skjálftavatni.



sóknarinnar. Leigutakar væru á þeirri skoðun að hér væri um brot á reglum um lax- og silungsveiði að ræða. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið þar sem það væri í rannsókn.

Erlundur Steinar Friðriksson fiskifræðingur segir bleikjustofninn í Litluá og Skjálftavatni líklega einsdæmi á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Stærð bleikjunnar á svæðinu sé með ólíkindum.

„Í ánni hefur verið náð miklum árangri með því að sleppa öllum veiddum fiski í nokkur ár og búa til stórskemmtilega á með löngu veiðitímabili. Á síðasta ári veiddust í ánni langstærstu bleikjur ársins og var stærsta bleikjan um 90 sentimetrar að stærð og vó nfu kíló. Þetta jaðrar við heimsmet og stofninn þarna er mjög merkilegur fyrir þessar sakir,“ segir Erlundur Steinar.

sveinn@frettabladid.is

„Það sást til manna koma með net inn í Skjálftavatn undir miðnætti og tóku þeir rúmlega eitt hundrað kíló af silungi með sér eftir þessa för. Við lítum þetta alvarlegum augum.“

Sturla Sigtryggsson, leigutaki við Skjálftavatn

Tyrkneski herinn og öryggissveitir stóðu í ströngu vegna hryðjuverka í gær:

Árásahrina víða um Tyrkland

TYRKLAND Hrina árása átti sér stað í Tyrklandi í gær. Bílsprengja sprakk fyrir utan lögreglustöð í Istanbúl í gærmorgun. Sprengjan banaði einum árásamanni og særði tíu manns.

Tvær konur gerðu árás á skrifstofu ræðismanns Bandaríkjanna í Istanbúl í gær. Enginn starfsmaður ræðismannsskrifstofunnar særðist í árásinni. Önnur konan náði að flýja af vettvangi en lögregla skaut og særði hina sem hrópaði: „Ég gerði það fyrir flokkinn,“ þegar hún var handtekin.

Þá sprakk önnur bílsprengja í Istanbúl sem banaði einum lögreglumanni.

Flokkur öfgavinstrimanna hefur lýst yfir ábyrgð á verknaðinum en flokkurinn hefur verið bannaður í Tyrklandi og er skilgreindur sem hryðjuverkasamtök af Tyrklandi, Bandaríkjum og Evrópusambandinu.

Í Sirnak-héraðinu í suðausturhluta Tyrklands létust fjórir lögregluþjónar þegar sprengja sprakk við vegg og tyrkneskur hermaður lést þegar árásamáður skaut á herpyrlu.

Talið er að herskái vængur Kúrdíska verka-



ÖRYGGISSVEITIR Fjöldi árasa beinist gegn lögreglumönnum og hermönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

mannaflokksins (PKK) beri ábyrgð á árásumum í Sirnak en tyrkneskar herpyrlur svöruðu árásumum með að sprengja upp nokkrar herbúðir PKK.

- sfs



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma 568 7777 og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.420.000 kr.
Útborgun frá aðeins 342.000 kr.



Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á ŠKODA Octavia G-TEC. Í honum samvinnast feður, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með tvo metantanka og einn 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



SPURNING DAGSINS



Stefán, varstu ráðinn í gegnum Webcam?

„Já, en það var engin nekt innifalin í því.“

Stefán Ívarsson samdi lokalagið fyrir kvikmyndina Webcam sem út kom í sumar, en í henni striplast ung kona á netinu.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, leggur til nýtt fyrirkomulag hjá flokknum:

Vill að formennskan gangi manna á milli

STJÓRNMÁL Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, ætlar að leggja til á flokksfundi að forysta flokksins skiptist á um að gegna formannsembættinu.

Heiða Kristín Helgadóttir, annar stofnenda flokksins, lýsti því nýverið í þættinum Vikulokunum í Ríkisútvarpinu að hún gæti vel hugsað sér að taka við formennsku í flokknum. Hún hafði þá áður lýst því yfir að hún vildi ekki leysa Björt Ólafsdóttur af sem þingmaður meðan hún færi í fæð-

ingarorlof nema formannsskipti yrðu í flokknum.

Guðmundur segist í viðtali við Stöð 2 hafa orðið leiður yfir ummælum Heiðu Kristínar. Hann telur það ekki til góðs fyrir flokkinn að fara út í formannslag. „Dæmin allt í kringum okkur eru að sýna okkur það, að öll þessi áhersla á formenn og hver er formaður, á ábyrgð hans og persónuleika, eru að standa allri almennilegri pólitík yfir þrifum.“

Hann segist hins vegar ætla

að leggja til að helstu embættum flokksins, þar á meðal formennskunni, yrði framvegis róterað. „Í þessu felst að ég sjálfur yrði ekki lengur formaður, nema þegar röðin kæmi að mér að axla þá ábyrgð til jafns við aðra.“

Guðmundur segist enn telja að Björt framtíð eigi sér bjarta framtíð, þrátt fyrir síðustu fylgiskannanir. Þegar yfirstandandi erfiðleikum sleppi verði um að ræða „flottasta „kombakk“ Íslandssögunnar í pólitík.“



Í RÆÐSUSTÓL Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, boðar „kombakk“ flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FORSETI ÍSLANDS Átti fund með sendiherra Þýskalands síðastliðinn sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rætt um fjölþætta þróun:

Sendiherra lætur brátt af störfum

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, átti á sunnudaginn fund með sendiherra Þýskalands, Thomas Hermann Meister, sem senn lætur af störfum.

Meðal annars var rætt um fjölþætta þróun í samvinnu landanna á undanförunum árum, þátttöku þýskra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi, samstarfi á sviði menningar og lista og framlagi Þýskalands til þróunar norðurslóða.

Sendiherrann var einnig sæmdur Hinni íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til aukinnar samvinnu landanna. -ngy

Sendu sérfræðinga af stað:

Mögulega brak úr vél MH370

MALDÍVEYJAR Fjölmíðlar á Maldíveyjum birtu í gær myndir af braki á floti við sker úti við eyjarnar sem grunur leikur á að geti verið úr flugvélinni MH370.

Sérfræðingar frá Malasíu fóru til Maldíveyja í gær til að hafa uppi á brakinu og færa það til rannsóknar.

Samgöngumálaráðherra Malasíu segir af snemmt að úrskurða um það hvort brakíð sé úr MH370.

Stutt er síðan brot úr flugvélarvæng MH 370 fannst á eyjunni Reunion í Indlandshafi. -srs

Skortur á upplýsingum olli óvissu meðal íbúa á Völlum

Nokkrir íbúar í Vallahverfinu upplifðu mikla óvissu vegna upplýsingaskorts á meðan lögregluáðgerðir stóðu yfir í hverfinu á sunnudagskvöld. Fólk hafði áhyggjur af börnum og að vita ekki hvenær það kæmist heim til sín. Upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðar segir samfélagsmiðla góða leið til að upplýsa fólk á óvissutímum.

LÖGREGLUMÁL „Það var þannig að lögregla hafði samband við okkur. Við ákváðum síðan að stíga aðeins inn í umræðuna á samfélagsmiðlum þar sem það var alls konar umræða í gangi og hræðsla kannski,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðar.

„Fólk var að fá misvísandi upplýsingar úr alls konar áttum. Okkur fannst mikilvægt að það kæmu upplýsingar frá einhverju opinberu batterí.“

Af umræðunum á Facebook-síðu íbúa í Vallahverfinu að dæma upplifðu margir ákveðna óvissu í miðjum aðgerðum lögreglu í hverfinu síðastliðinn sunnudagskvöld og aðfaranótt mánudags.

Lögregla girti af svæði á Völlum á sunnudagskvöld vegna manns sem hafði veist að lögregluþjónum og var með ólæti í íbúð sinni. Maðurinn sagðist vera vopnaður skotvopni.

Lögreglumen gengu á milli húsa og báðu fólk um að halda sig innandyra. Fólk, sem var statt utan hverfisins, var meinaður aðgangur. Maðurinn var loks handtekinn á fyrsta tímanum aðfaranótt mánudags og var íbúum þá frjálst að snúa heim.

Íbúar Vallahverfis halda úti hóp á Facebook þar sem umsátur lögreglunnar var skeggrætt. Þar lýstu íbúar meðal annars áhyggjum sínum af skorti á upplýsingum vegna lokunar í hverfinu.

Á síðunni má meðal annars sjá að íbúar höfðu áhyggjur af



SVÆÐIÐ SEM VAR LOKAÐ Umferð var bönnuð og fólk sagt að vera innandyra á Völlum í Hafnarfirði meðan lögregla fékkst við þekktan ofbeldismann.

börnum sem enn væru utandyra auk þess sem fólk fannst erfitt að vera meinaður aðgangur að hverfinu án þess að fá viðunandi skýringar á því.

„Eftir samtali við [lögreglu] þá var ákveðið að setja upplýsingar inn á síðuna sem var kannski ekkert mikið meira en hafði komið fram áður, en maður upplifir það kannski að það rói umræðuna,“ segir Steinunn. Hún segir ávallt góða samvinnu milli bæjarins og viðbragðsaðila.

„Við höfum átt mjög gott samstarf og það erum auðvitað við sem erum þessir aðilar sem eru í beinu sambandi við íbúana, þannig að það var mjög gott að fá þetta samtali frá þeim.“

Hún segir samfélagssíður íbúa góðan vettvang til þess að koma upplýsingum á framfæri og hún segir að vel hafi gengið að koma upplýsingum frá viðbragðsaðilum til íbúa þegar tveir drengir lentu í lífshættu við Reykjadalstíflu fyrr á árinu.

stefanraf@frettabladid.is

Ummæli íbúa af Facebook

„Mæli með að ef einhverjir vita af einhverjum á ferðinni þarna á Völlum að hringja í viðkomandi og segja þeim að koma sér einhvers staðar inn strax og hringja á undan sér í aðilann sem þau komast inn hjá.“

„Jeminn eini ... Og fullt af saklausu fólk og börnum ... Vonum innilega að þetta gangi vel! Haldið ykkur inni ... Þeir eru hér hjá Bjarkavöllum og heyrir annað slag. Farðu inn!“

„Ég sé fólk vera að labba og taka myndir! Löggan er ekkert að leika sér að því að reka fólk inn.“

„Stelpa mín og vinkona hennar ætluðu að koma heim í strætó í kvöld (Drekavellir), hvernig komast þær heim? Kemur strætó hingað?“

„Löggan er hérna fyrir framan hjá mér, Engjaveitir, fullt af krökkum að reyna að komast heim, löggan bannar það, spurning um að foreldrar hringi í börnin sín og segi þeim að bíða þar sem þau eru (ef þau eru í heimahúsi) svo þau séu ekki úti.“

„Parf maður að vera hræddur inni hjá sér eða?“

„Ég er að andast úr hræðslu hvað er að fokking gerast hérna?“

„Nú væri ráð að löggelgan hefði samband við upplýsingafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar til að upplýsa um stöðuna...“

HAUSTVERKIN HAFIN SEM SKÓLAHALD VETRARINS KALLAR Á



SÚMARFRÍ SENN Á ENDA Nokkrir sólríkir dagar hafa látið á sér kræla í sumar og margir eflaust notið þess að fá smá pásu frá skóla. Senn fer að líða að skólasetningu en flestir framhaldsskólar landsins verða settir í næstu viku. Starfsmenn bókaverslana eru í óðáðni að skipuleggja hausttímabilið en skólabókamarkaðir spretta nú upp víða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FULL BÚÐ AF
NÝJUM
VÖRUM

HÚSGAGNAHÖLLIN



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

ÞESSAR ÞRJÁR NÁMSBRAUTIR HAFA SKAPAÐ FLESTUM NEMENDUM NÝ ATVINNUTÆKIFÆRI!

Möguleiki á námsláni frá námslánasjóðnum Framtíðin*

* nánari upplýsingar á
framtidin.is og ntv.is

Forritunarbraut og skýjaforritun

468 stundir - Verð: 628.000* - 19 einingar

* Hægt er að fá framfærslu- og skólagjaldalán
hjá lánasjóðnum Framtíðinni fyrir náminu.

- Dagnámskeið hefst 31. ágúst
- Kvöld- og helgarnámskeið hefst 31. ágúst

Á þessari námsbraut, sem er hönnuð með nýjustu tækni í huga, læra nemendur að beita þeim tölum og aðferðum sem þarf fyrir nútíma skýjalausnir.

Námið byggir að mestu á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og eiga nemendur að því loknu að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir helstu aðferðir sem notaðar eru í nútíma hugbúnaðargerð.

Nemendur eru undirbúnir markvisst fyrir þau þrjú próf sem liggja til grundvallar þremur alþjóðlegum vottunum:

MCSD: Web Applications
MCSD: SharePoint Applications
MCSD: Windows Store Apps – HTML5

„Síðan ég útskrifaðist úr Dipómanámi í forritun hjá NTV árið 2013 hef ég forritað sex Android tölvuleiki og er kominn í nýtt og spennandi starf. Námið er það skemmtilegasta sem ég hef farið í.“

Haraldur Þrastarson leikjahönnuður og forritari

Kerfisstjórabraut NTV - MCSA

371 stundir - Verð: 622.000* - 17 einingar

* Hægt er að fá framfærslu- og skólagjaldalán
hjá lánasjóðnum Framtíðinni fyrir náminu.

- Dagnámskeið hefst 25. ágúst
- Kvöld- og helgarnámskeið hefst 24. ágúst

Þetta er nám fyrir þá sem vilja starfa sem kerfisstjórar. Eftir námið hafa nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu. Námið hefur skilað nemendum mjög góðum árangri í atvinnuleit og er löngu orðið viðurkennt á vinnu-markaðinum.

Þeir nemendur sem ljúka þeim 3 alþjóðlegu prófum sem innifalin eru í námskeiðsgjaldinu fá gráðuna Microsoft Certified Solutions Associate (MCSA).

„Ég valdi Kerfisstjórabraut þar sem mig langaði að vinna við kerfisstjórnun. Áður en náminu lauk var ég kominn með starf hjá einu stærsta upplýsingatækniyrirtæki landsins.“

Snorri Þórðarson tækniamaður

Viðurkennt bókaránám NTV

414 stundir - Verð: 446.000* - 19 einingar

- Morgunnámskeið hefst 30. september
- Kvöld- og helgarnámskeið hefst 1. október

Öflugt þriggja anna nám þar sem nemendum er kennt bókhald frá a til ö ásamt þeim öðrum þáttum sem þarf til að geta tekið próf og öðlast vottun sem viðurkenndur bókarari.

Viðurkennt bókaránám NTV er þriggja anna nám þar sem markvisst er byggður upp þekkingagrunnur nemenda og færni við færslu og uppgjör bókhalds. Mikið er um umfangsmiklar æfingar og uppgjör sem veita nemendum verðmæta innsýn í starfið.

Eftir þriðju önnina geta nemendur tekið þau þrjú próf sem gefa gráðuna „Viðurkenndur bókarari“. Þau próf eru haldin á haustin á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

„Ég hafði litla sem enga kunnáttu á tölvu og tölvubókhald þegar ég byrjaði en eftir eina önn var ég full af sjálfstrausti og fékk vinnu við bókhald í beinu framhaldi af náminu.“

María Magnúsdóttir bókarari og galdkeri

SVONA ERUM VIÐ



479.738 alifuglum var slátrað í júní síðastliðnum. Þetta er örlítil fjölgun frá sama mánuði í fyrra þegar 460.918 fuglum var slátrað.

Umferðardeild Vegagerðarinnar telur að um 30 þúsund manns hafi mætt: **23 þúsund bifreiðar til Dalvíkur**

UMFERÐ Talsvert meiri umferð var til og frá Dalvík í kringum Fiskidaginn mikla en verið hefur undanfarin ár. Rúmlega 23 þúsund ökutæki komu við á Dalvík frá föstudegi til sunnudags um síðustu helgi og áætlað umferðardeild Vegagerðarinnar að um 30 þúsund manns hafi því komið til Dalvíkur þessa helgi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Vegagerðinni. Umferðin til og frá Dalvík jókst um 17,6 prósent milli ára og er þetta næstmesti fjöldi í ár síðan

Vegagerðin hóf samantekt árið 2008. Árið 2009 var umferðin um 24 þúsund bifreiðar en minnkaði jafnt og þétt til ársins 2014. Mikil hátíðarhöld voru á Dalvík í ár og gekk hátíð heimamanna vonum fram og var ekki mikið að gera hjá lögreglunni á svæðinu þrátt fyrir fjölmenni. Lögreglan áætlað að á laugardegnum hafi um 26 þúsund manns sótt Dalvíkinga heim.



MARGMENNI FJÖLMENNT VAR Á FISKIDEGINUM MIKLA Á DALVÍK OG JÓKST UMFERÐIN UM TÆPLEGA FIMMTUNG TIL OG FRÁ BÆNUM YFIR

Standa fyrir ráðstefnu: **Fatlað listafólk stígur á svið**

SAMFÉLAG Öryrkjabandalagið, Þroskahjálp og Rannsóknarsetur í fötunarfræðum bjóða til ráðstefnu föstudaginn 4. september 2015 þar sem sjónum verður beint að aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum bæði sem neytendur og framleiðendur. Fyrirlesarar koma bæði úr fræð- og listheiminum og raddir fatlaðs listafólks hljóma í gegnum listsköpun, en samhliða ráðstefnunni munu ráðstefnugestir njóta fjölbreyttrar sköpunar fatlaðs listafólks.



AKRANES Fasteignaverð hefur farið hækkandi á Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íbúar voru 6.830 í lok júní: **Íbúum á Akranesi hefur fjölgað**

AKRANES Íbúum á Akranesi hefur fjölgað á milli 1. og 2. ársfjórðungs 2015. Íbúar voru 6.830 í lok júní síðastliðins en 6.780 í lok mars á þessu ári. Þetta kemur fram á vef Akraneskaupstaðar. Íbúafjöldi á Akranesi hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum og er sveitarfélagið það níunda fjölmennasta á landinu. Þá hefur fasteignaverð einnig farið hækkandi á Akranesi, en samkvæmt Hagsjá Landsbankans, sem tók saman þróun fasteignaverðs í fimm stærri bæjum landsins, kemur fram að verð á fermetra fasteigna á Akranesi hefur hækkað um 15 prósent.

LÖGREGLUMÁL

Tilraun gerð til ráns

Maður gerði tilraun til að ræna viðskiptavin sem kom út úr banka við Parabakka í Reykjavík laust fyrir klukkan fjögur í gær. Fram kemur í tilkynningu lögreglu að skómmu síðar hafi maður verið handtekinn grunaður um verknaðinn.


Reiður hjá sýslumanni

Lögregla var kölluð til vegna manns sem fékk reiðkast hjá Sýslumanninum í Reykjavík um klukkan þrjú í gær. Auk þess að brjóta rúðu lét maðurinn ófriðlega, segir í dagbók lögreglu. Hann var handtekinn þegar lögreglu bar að garði og fluttur á lögreglustöð til skýrslutöku.

Brotlenti í síðustu ferðinni

Lágskýjað var og aðstæður slæmar þegar sjóflugvél var flogið af stað frá Akureyri um miðjan dag á sunnudag. Vélin var á leið til Keflavíkur þaðan sem átti að fljúga henni vestur um haf til nýs eiganda.

KORT AF SÍÐUSTU FÖR BEAVER-VÉLARINNAR



- **Tímalína**
- 14.10** Flugvélin leggur af stað frá Akureyrarflugvelli.
- 16.20** Áætluð koma vélarinnar til Keflavíkur.
- 17.06** Samhæfingarmiðstöðin er ræst og aðgerðir hefjast við leit að vélinni.
- 20.20** Vélin finnst, brunnin, í Barkárdal. Flugmaðurinn er með meðvitund.

● **Brotlendingarstaður**

✈ **Parna sást flugvélin seinast**

vélin að fara í sína síðustu ferð úr landi. Hún hafði verið seld til Ameríku. „Þeir fljúga þessa leið til Ameríku. Frá Keflavík yfir til Grænlands og hoppa þar á milli.“ Hann segir vélin vera frá 1960. „Hún nauðlenti í Kenía í Afríku árið 1963 og þar lá hún bara,“ segir Gestur. Hann segir vélin hafa verið notaða af breska flughernum. „Hún liggur þar til 1999 og er þá flutt til Bandaríkjanna, eða það sem eftir var af henni. Hún var endursmíðuð afskaplega vel og vandlega og var talin ein besta flugvél sinnar tegundar í heiminum í dag.“

Gestur segir fjölda flugáhugamanna hafa haft áhuga á vélinni. Hún hefur verið til sýnis á Flugsafni Íslands síðan hún kom hingað til lands árið 2008. Þá flugu Arngrímur og Grant henni til landsins frá Ameríku á átján dögum. „Menn eins og Arngrímur og þessi ágæti maður sem var með honum eru vanir menn og varkárir.“ Hann segir safnið hafa séð eftir flugvélinni. „Vélar eru keyptar og seldar en við sáum eftir henni því hún var óskaplega falleg í safninu og vakti mikla athygli. Við kvöddum þá þegar þeir fóru.“

“Peir fljúga þessa leið til Ameríku. Frá Keflavík yfir til Grænlands og hoppa þar á milli.”
Gestur Einar Jónsson, framkvæmdastjóri Flugsafns Íslands

“Flugvél er stór og það getur alltaf komið frá henni reykur eða fundist bensínlykt.”
Guðbrandur Örn Arnarson, verkefnisstjóri hjá Landsbjörg

NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrærseinkennum og það auðveldar þar með reykjargáfni sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykjngum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með óttaemi fyrir einhverju innihaldsefna lyfisins. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/ur þú ert reykjngum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring eða ef þú hefur ekki tekið að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmí. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykst er minna en 20 sigarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtans skaltu huga minni skammti í staðinn. Tyggjó hágt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggjó aftur þegar bragðið dafnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kynna lyfjatyggigúmmíni. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. Fresti þegar þú finnur fyrir reykjngþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú milt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar af samráðslegum lækni er venjulega 12 vikur. Þú skalt draga úr tyggjó ef þú ert með óttaemi. Meðhönd þú skalt hafa þegar meylan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki meira með notkun lengur en 1 ár. Stunt reykjngafólki gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Laðaði fagjarar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjatryggingu ef þú getur ekki hætta að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þú tekst ekki að fækkja fjölda reyktra sigarettar eftir 6 vikur. Reykjngum skal hætta um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal fagjarar ráðgjafar ef ekki hefur tekið að hætta reykjngum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfarðu þig við lækni eða lyfjatryggingu áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megr nota lyfið ef þú hefur fengið einhverja hjarta eða aðalsjúkdöma, sjúkurski, óvirkkan skjaldkirtli/nymahattur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár, gervitennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



Kynntu þér Ford Ka



Lægsta verðið á Íslandi

> **Ford Ka frá 1.695.000 kr.**

Kynntu þér þennan ferska, flinka, flotta og ferlega skynsama smábíl. Þú færð ekki nýjan bíl á lægra verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika.

Komdu og prófaðu



ford.is

20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

HEIMURINN



Sekt fyrir skipulagsleysi

1 Lestarfyrirtækið Network Rail í Bretlandi hefur verið sektað um tvær milljónir punda (tæpar 416 milljónir króna) fyrir óraunsæjar tímatöflur og skipulagsleysi við breytingar sem olli óreiðu á einni af stærstu lestarstöðvum Lundúna. Fram kemur í The Financial Times að fyrirtækið hafi vanmetið áhrif svokallaðra Thameslink-breytinga, sem voru framkvæmdar upp á 6,2 milljarða punda (1.289 milljarða króna). Röskun hafi svo stigmagnast vegna lestaráætlaða sem ekki stóðust.

Hringur níðinga brotinn upp

2 Lögregla gerði ekki nóg til að brjóta upp hring barnaníðinga í Punjab-héraði í Pakistan, að sögn foreldra fórnarlamba níðinganna. Fréttastofa Reuters hefur eftir íbúum í þorpinu Husain Khan Wala að þekkt fjölskylda þar hafi árum saman neytt börn til kynferðisathafna sem teknar voru upp á myndband. Upptökurnar voru svo ýmist seldar eða notaðar til að kúga fátækar fjölskyldur barnanna. Komi í ljós að lögregla hafi dregið lappirnar við rannsóknina er það sagt geta haft pólitískar afleiðingar í héraðsstjórninni, en fyrir henni fer bróðir forsætisráðherra landsins, Nawaz Sharif.



HJÁLPARSVEIT Björgunarmenn á ferð í norðurhluta Taívan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þorp án vatns og rafmagns

3 Yfirvöld á Taívan leggja nú áherslu á viðgerð fjallvega að þorpinu Wulai í norðurhluta landsins. Þar eru um 11 hundruð manns enn án rafmagns og vatns eftir að fellibylurinn Soudelor fór yfir eyjuna um helgina. Fellibylurinn er sagður sá öflugasti það sem af er ári. Á mánuðagskvöld, tveimur dögum eftir storminn, voru yfir 50 þúsund heimili enn rafmagnslaus. Óveðrið er sagt hafa orðið sex manns að bana í Taívan. Fjögurra var enn saknað gær og 379 eru slasaðir.

Alþjóðlegur dagur fílsins 2015 er á morgun



MATARTÍMI Fílahirðir í dýragarðinum í Hanoi í Víetnam gefur fíl sykurreyr að éta. Fílarnir í garðinum voru nýverið leystir úr fótþlekkjum sem hafa hamlað þeim för mest alla ævi, að því er Dýraverndarsamtök Asíu (AAF, Animals Asia Foundation) greina frá. Alþjóðlegur dagur fílsins er á morgun, 12. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Innovation
that excites

NISSAN FJÖLSKYLDAN

BÝÐUR UPP Á SPENNANDI NÝJUNGAR



NÝR NISSAN NOTE
ACENTA, BENSÍN, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 4,7 L/100 KM*
2.750.000 KR.

NÝR NISSAN PULSAR
ACENTA, BENSÍN, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 5,0 L/100 KM*
3.490.000 KR.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Baldoni Line
Postulínshandlaugarborð.
Breidd 45 til 120 cm.
Dýpt 46 cm.



Barcelona
Postulínshandlaugarborð.
Breidd 60 til 100 cm.
Dýpt 46 cm.

Baðinnréttingar



Milano
Postulínshandlaugarborð.
Breidd 60 cm.
Dýpt 46 cm.

í miklu úrvali



til afgreiðslu af lager!

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga: lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 



- fyrir þitt heimili

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 06/14, ekinn 38 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 320340

Frábært verð!
3.190 þús.



CHEVROLET CRUZE
Nýskr. 07/13, ekinn 32 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.790 þús.
Rnr. 320280.



RENAULT CLIO AUTHENTIC
Nýskr. 03/14, ekinn 30 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 142928.



SUBARU OUTBACK LUX
Nýskr. 06/14, ekinn 40 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.980 þús.
Rnr. 142958.



RENAULT KANGOO MAXI
Nýskr. 12/14, ekinn 10 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 191880.



NISSAN QASHQAI+2 SE - 7 manna
Nýskr. 06/12, ekinn 122 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 282959.



OPEL AMPERA RAF+BENSÍN
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús. km.
rafmagn, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.980 þús.
Rnr. 131695.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Áttatíu prósent sögðust vera jákvæð gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi: Jákvæð gagnvart ferðamönnum

KÖNNUN Áttatíu prósent af þeim sem tóku afstöðu í nýlegri könnun MMR um viðhorf Íslendinga til erlendra ferðamanna sögðust vera jákvæð gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi.

7,5 prósent sögðust vera neikvæð gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi. Þeir sem höfðu hærri heimilistekjur voru frekar jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi en þeir sem höfðu lægri heimilistekjur. Af þeim sem tóku afstöðu og tilheyrðu tekjuhæsta hópnum

sögðust 89,3 prósent vera jákvæð gagnvart erlendum ferðamönnum, borið saman við 62,3 prósent þeirra sem tilheyrðu tekjulægsta hópnum.

Þeir sem studdu Framsóknarflokkinn voru síður jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi en stuðningsflokk annarra flokka. Þannig sögðust 70,7 prósent þeirra sem studdu Framsóknarflokkinn vera jákvæð gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi, borið saman við 89,6 prósent þeirra sem studdu Bjarta framtíð.



FERÐAMENN Þeir sem studdu Framsóknarflokkinn voru síður jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heildarfjöldi svarenda var 956 einstaklingar, 18 ára og eldri. -ngy

Tvö stungin til bana í IKEA-búð í Svíþjóð

Maður og kona létust í árás í IKEA-verslun í Västerås í Svíþjóð í gær og einn er þungt haldinn. Tveir menn hafa verið handteknir. Annar þeirra er sá sem liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi en ekki er vitað hvernig áverk hans komu til.

SVÍÞJÓÐ Maður og kona létust í hnífaárás í IKEA-verslun í Västerås í Svíþjóð í gær. Karlmaður á fertugsaldri var fluttur á sjúkrahús þungt haldinn.

Árásarmaðurinn, sem er fæddur árið 1992, var handtekinn í strætóskyli við verslunina. Þá var maðurinn sem færður var á sjúkrahús einnig handtekinn en grunur leikur á að hann eigi aðild að árásinni. Talið er að mennirnir tveir hafi þekkt.

Ekki er vitað hvernig áverk ar eldri mannsins komu til en sá yngri gæti hafa veitt honum þá.

Um klukkan eitt að staðartíma heyrðu viðskiptavinir í versluninni að starfsmenn sögðu í kallerfi að rýma þyrfti hana hið snarasta.

Að sögn viðmælanda Aftonbladet skapaðist mikill glundroði, fólk hljóp á brott og mikil ringulreið einkennði hópinn. Viðmælandinn sá manneskju liggja að því er virtist líflausa í eldhúseild verslunarinnar.

Ríthöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl býr í Västerås og litlu munaði að hann hefði verið í versluninni ásamt konu sinni og tengdafiður um það leyti sem árásin átti sér stað.

Eiríkur og eiginkona hans, Nadja Widell, standa um þessar mundir í flutningum til Ísafjarðar og áætluðu þau að fara ásamt föður Nadju til að kaupa pappa-



IKEA Í VÄSTERÅS Fjöldi lögreglu- og sjúkrahúsa kom á staðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

kassa, límband og fleira til flutninganna.

„Nadja er með mjög mikla fordóma gagnvart IKEA og vill helst ekki fara þangað. Úr því að þau fóru bara tvö þá suðaði

hún um að fara í aðra verslun. Ef ég hefði farið með þeim hefðum við verið þarna akkúrat á þeim

tíma sem árásin var gerð,“ segir Eiríkur.

„Þetta er svo rosalega skrítið eitthvað. Fyrir örfáum dögum var ég þarna með tveggja ára dóttur minni og leyfði henni að leika sér aðeins meðan ég skoðaði rekkana. Það setur að manni smá hroll þegar maður hugsar út í þetta.“

Västerås er um 110 þúsund manna borg um 120 kílómetra vestur af Stokkhólmi.

stefanrafn@frettabladid.is
johannoli@frettabladid.is

Afmæli Vestnorræna ráðsins: Forsætisráðherra hélt til Færeyja

FÆREYJAR Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hélt í gær til Færeyja í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá stofnun Vestnorræna ráðsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Sigmundur Davíð mun þar taka þátt í hátíðardagskrá í tilefni af afmæli Vestnorræna ráðsins. Þá mun hann halda þar erindi um gildi vestnorrænnar samvinnu á norðurslóðum. -ngy

Íslensk kona hefur verið ákærð í Liverpool:

Var handtekin með 13 kíló af heróíni


LÖGREGLUMÁL Íslensk kona á þrítugsaldri, Kolbrún Ómarsdóttir, var handtekin í Mellings í Englandi þann 7. júní síðastliðinn fyrir vörslu eiturlyfja og peningabætti. Konan var handtekin ásamt þremur breskum körlum.

Það voru breskir fjölmiðlar sem fyrstir sögðu fréttir af málinu og nafngreindu konuna.

Í tilkynningu frá lögreglunni í Merseyside, sem fer með málið, kemur fram að fjórmenningsarnir hafi verið handteknir í aðgerðum lögreglu í húsi við Rainbow Drive í þorpinu sem er nálægt Liverpool.

Við handtökuna fundust þrettán kíló af heróíni og ein milljón breskra punda, sem samsvarar rúmum 208 milljónum íslenskra króna.

Í samtali við Fréttablaðið staðfesti Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins, að ráðuneytið vissi af málinu en engin formleg beiðni hefði borist um afskipti af málinu. -snæ



HERÓÍNI Efnin sem fundust í húsinu eru talin mjög hrein og virði mörg hundruð milljóna króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

...þú ert
líknsamur og
miskunnsamur
Guð, þolinmóður
og gæskuríkur...

www.versdagsins.is

Tækjadagar í Múrbúðinni

**20-30%
AFSLÁTTUR
af MÚRBÚÐARVERÐI**

Strekkibönd
og Casters hjól

**20%
AFSLÁTTUR**



**30%
afsláttur**

Rafhloðuborvél með höggi,
HDA2544 18V
~~17.900~~
12.530

**25%
afsláttur**



Lavor Vertico 20
140bör 400 min ltr.

~~35.990~~
26.993

**INDUCTION
MOTOR POWERED**

MJÖG ÖFLUG
dæla 16,7kg

Dekton smáhlutabox 38cm 21 hólf

~~1.594~~
1.196



**25%
afsláttur**



Drive toppasett 17 stk 1/4"

~~990~~ **693**

**30%
afsláttur**

Wis-SCR3 Kapalkefli
4x16A 3G1,0
~~6.290~~
4.718



**25%
afsláttur**

Drive léttivagn 150 kg

~~5.790~~ **4.343**

**25%
afsláttur**



**25%
afsláttur**

Patrol verkfærakista Trophy

~~8.995~~
6.746

Alvöru skrufstykki 15cm 14 Kg

~~7.890~~

6.312

**20%
afsláttur**

Karbit Borasett 33-
83mm 6stk

~~4.990~~

3.743



**40%
afsláttur**

GMC 14,4V 1,2Ah með
aukarafhlöðu, stíglaus hraði,
BMC taska

~~5.990~~
3.594



Smergel 350W

~~6.490~~

5.192



**20%
afsláttur**

**30%
afsláttur**



Bolta / járna klippur 42"

~~4.790~~

3.353

36" tommu kr. 3.990-
2.793

Rafhloðuborvél
/skrufvél HDD 3213 12V DIY

~~8.990~~

6.742

**25%
afsláttur**

Rafhloðuborvél 12V
2 gíra Liion rafhlaða kr.

~~11.990~~

8.990

**20%
afsláttur**



15 metra rafmagnssnúra

~~3.190~~

2.552



**25%
afsláttur**

Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
15 metra

~~11.990~~

9.592



Öxi 600g fiberskaft

~~1.290~~

967



LFD 90AL70x33x100 cm

~~9.990~~

7.992

**20%
afsláttur**



Búki stillanlegur

~~6.990~~

4.893

Vöruþrilla 60kg

~~4.990~~

3.743



Asaki AM18DWE
borvél 18V Ni-CD 2,0 ah

~~16.990~~

11.893

**30%
afsláttur**

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar

~~24.900~~

19.920

**20%
afsláttur**



RLA-05
Álþrappa 5 þrep, tvöföld

~~6.510~~

4 þrep 5.990, 4.792
6 þrep 7.990, 6.232
7 þrep 8.990, 7.192

**20%
AFSLÁTTUR**



Dósaborasett 9 borar

~~5.990~~

4.493



MÚRBÚÐIN

Reykjavík Kletthálsi 7 Ópið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Ópið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Samræðulist hins ómögulega

Ekki blæs byrlega fyrir Bjartri framtíð nú um mundir ef marka má skoðanakannanir. Og þegar þú ert í stjórn-málum er alltaf að marka skoðanakannanir, sérstaklega ef könnun eftir könnun sýnir sömu þróunina. Og það er einmitt það sem gerst hefur, fylgið hefur hrífðfallið af flokknum. Á yfirborðinu, þegar horft er á áþreifanlegri hluti en kannanir, er staða flokksins kannski ekki svo slæm. Flokkurinn var stofnaður árið 2012 og ári síðar fékk hann 8,2 prósent atkvæða í kosningum til Alþingis og sex menn kjörna. Besti flokkurinn sameinaðist flokknum og framtíðin virtist sannarlega björt, meirihluti í stórum sveitarfélögum í kjölfar sveitarstjórnar-kosninga var til sannindamerkis um það.

Það að stofna nýjan stjórn-mál-flokk, ná saman framboðslistum og koma fulltrúum inn á þing og í sveitarstjórnir er meira en að segja það – það nægir að horfa til margboðaðs flokks Viðreisnar því til sönnunar – og það er enn meira mál að viðhalda starfinu og kjósendunum.

Björt framtíð mældist hæst í kringum 20 prósent í aðdraganda síðustu alþingiskosninga, en nú dugar fylgið ekki til að koma manni inn á þing. Hvað veldur?

Það er ekki nema von að forysta flokksins velti því fyrir sér. Raunar er athyglisvert hve lítil umræðan um það hefur verið, því þróunin er löngu hafin. Kannski naut flokkurinn þess að athyglin var á Samfylkingunni og vandræðum Árna Páls Arnasonar þar. Samfylkingarfólk nýtur þess að sama skapi núna að fókúsin er á vandræði Bjartrar framtíðar.

Björt framtíð lagði mikið upp úr því að vera öðruvísi flokkur, að detta ekki inn í sama karp og þref og gömlu flokkarnir, vera lausnamiðaður, nálgast viðfangsefni með opnum huga og finna bestu lausnina. Ekki svo vitlaus boðskapur, raunar margt ansi gott í honum, en dálítið teknókratískt. Flokksmenn hafa stundum hljómað eins og embættismenn sem hafi enga hugmyndafræði, hversu réttlát sem sú lýsing er.

Það var til marks um það hve flokkurinn var ólíkur þeim gömlu að í reynd var hann með tvo formenn. Guðmundur Steingrímsson er stofnandi flokksins, en úr Besta flokknum kom Heiða Kristín Helgadóttir. Og á milli þeirra gustar nú. Heiða Kristín hætti sem formaður um síðustu áramót og tilkynnti nýverið að hún hygðist ekki taka sæti sem varaþingmaður á meðan Guðmundar nyti við sem formanns. Og um helgina lýsti hún yfir áhuga á formennskunni. Þvertók allavega ekki fyrir það – sem á stjórnmálsku þýðir að þig langar en ert að meta stuðninginn.

Svar Guðmundar við þessu er að leggja til að það verði enginn fastur formaður, heldur muni formennskan róterast á milli fólks. Það þýðir að hann verði ekki lengur formaður, í bili, því svo kemur aftur að honum. Þannig gæti hann stigið til hliðar með smá reisu.

Manni virðist sem vandamál flokksins hafi verið það að kjósendur telji hann innihaldsrýran, og formaðurinn hefur boðað breytingar þar á. Nú virðist sem þetta snúist allt í raun um form og skipulag og samræðustjórn-málin hafi siglt í strand.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Píratar og Framsókn jöfn
Ný könnun frá MMR sýnir að kjósendur Pírata og Framsóknarflokksins eru neikvæðastir í garð erlendra ferðamanna. Það kemur kannski ekki sérstaklega á óvart að kjósendur Framsóknarflokksins séu neikvæðir í garð túrasta enda er flokkurinn sá eini sem hefur daðrað við hörku í útlendingamálum hér á landi. Það kemur þó á óvart að kjósendur Pírata, yngsti kjósendahópurinn, sé svo neikvæður gagnvart ferðamönnum. Yngstu kjósendurnir eru líklegastir til að starfa í ferðabjónustu og hafa tekjur sínar af ferðamönnum. En á meðan fylgi Framsóknarflokksins er í sögulegum lægðum og fylgi Pírata, samkvæmt skoðanakönnunum,

gríðarlega hátt, ná ríflega átta prósent kjósenda þeirra saman um andstöðu sína við túrasta.

Björt vill bankann í bæinn
Staðsetning nýrra höfuðstöðva Landsbankans hefur verið bitbein manna á milli í margar vikur núna. Fjölmíðlar hafa leitað eftir svörum frá stjórn-málaráði og bankanum og samfélags-miðlarnir hafa logað. Nú loksins, mörgum vikum síðar, tjáir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, sig um höfuðstöðvarnar og segir að hann vilji gjarnan sjá höfuðstöðvarnar, og tengda starfsemi, á Hörpu-reitnum. Hvar var S. Björn þegar umræðan stóð sem hæst? Í sumarfrí?

Ekki til í formannsslag
Guðmundur Steingrímsson hefur gefið það út að hann vilji ekki fara í formannsslag við Heiðu Kristínu Helgadóttur, stofnfélaga Bjartrar framtíðar. Þá segir Róbert Marshall að gagnrýni Heiðu á forystuna sé ekki í takt við anda flokksins. Nei, Björt hefur handvalið til sín fólk og vill að þar sé allt á jákvæðu nótnum. Gagnrýnin er því ekki í anda flokksins og ekki heldur lýðræðislegur formannsslagur. Heiða þótti bera af í kosninga-sjónvarpinu fyrir síðustu þingkosningar. Hún þykir málefnaleg og fersk stjórnmálakona. Spurning hvort Gummi vilji ekki í formannsslag því hann veit, verandi óvinsælasti stjórnmálamaður landsins, að hann myndi tapa. Stórt. snaeros@frettabladid.is



Kolbeinn Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Skáldsagan Vonarstræti 12 eftir Ármann Jakobsson

BÓKMENNTIR



Halldór Þorsteinsson fyrrv. skólstjóri Málaskóla Halldórs

Það er álitamál hvort ekki mætti alveg eins kalla þetta verk leikrit sökum þess hversu stútfullt það er af samtölum. Höfundur þess tekst svo ljómandi vel að ljá hinu látna og þjóðþekkta fólki bráðlifandi rödd. Mér er því spurn hvers vegna engum listamanni eða réttara sagt leikskáldi skuli ekki hafa dottið í hug að leikgera þetta stórbrotna verk. Það lægi alveg beint við að nota samtölin í skáldsögunni svo að segja alveg óbreytt í leikriti.

Skáldsagan gerist á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Persónurnar í sögunni eru fjölmargar og gæddar slíkri lífsorku að maður hefur það á tilfinningunni að þær séu eiginlega enn sprellifandi. Ekki tel ég ástæðu til að nefna þær allar með nafni, enda yrði það alltof langur listi, en þó sakar ekki að nefna örfáar þeirra eins og Skúla Thoroddsen og Theodóru, Hannes Hafstein, Bjarna frá Vogu, Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar, föður Sveins Björnssonar, fyrsta forseta Íslands, Benedikt Sveinsson, bóka-varðar á Landsbókasafninu, föður Bjarna, forsætisráðherra og fleiri og fleiri merka menn og konur.

Förum nú út í allt aðra sálma. Skúli Thoroddsen, fyrrv. sýslumaður Ísfirðinga, ritstjóri Þjóðviljans, eigandi Bessastaða og

sömuleiðis eigandi prentsmiðju á Ísafirði, Bessastöðum og í Reykjavík. Hann fékkst enn fremur við verslunarstörf. Þessi mikli hugsjónamaður lét reisa Vonarstræti 12 árið 1908 og réði engan annan en Runólf Ólafsson til að hanna húsið, en hann var eins og kunnugt er einn af fremstu arkitektum þjóðarinnar. Mér til mikillar furðu vissu fáir þetta, þar meðtaldir nokkrir núlifandi kollegar hans, sem ég þekki.

En nú kemur rúsinan í pylsuendann og er hún ekki þar fögur, þó ekki sé meira sagt, því Alþingi ákvað að flytja húsið frá Tjörninni, þar sem það naut sín fullkomlega og átti í rauninni hvergi annars staðar að vera, yfir í Kirkjustræti og heitir nú Skúlahús. Ekki er hægt að segja að mikill fagurkera-bragur hafi einkennt þá vanhugsuðu framkvæmd. Það er ekki með nokkru móti hægt að ljúga upp á okkar blessuðu alþingismenn. Ég hef auk þess hermt að arkitektinn Hjörleifur Stefánsson hafi lagt blessun sína yfir þennan dæmalausa flutning.

Að lokum er rétt að geta þess að ég bjó í Vonarstræti 12 í hér um bil fjögur ár og það meira að segja í sjálfu kvistherberginu, en þaðan getur maður notið útsýnis yfir Tjörnina, sem er eitt helsta djásn höfuðborgarinnar.

GRØN BALANCE
Hafðu það grænt og njóttu lífsins
Grøn Balance fæst í Krónunni
KRÓNAN

Líkamsfrelsi

Niðurstöður rannsókna sem gerð var meðal 77 þúsund breskra ungmenna árið 2011 leiddi í ljós að 60% þeirra sögðust skammtast sín fyrir eigið útlit og 73% sögðust finna fyrir þeim þrýstingi frá umhverfinu að þau ættu hafa „fullkominn“ líkama. Þessar niðurstöður undirstrika þá brýnu þörf sem er á opinni og upplýsandi umræðu um neikvæðrar afleiðingar líkamsdýrkunar.

Saman getum við á ábyrgan hátt breytt ríkjandi viðhorfum til neikvæðra staðalmynda. Óöryggi og þunglyndi eru afleiðingar þess þegar ungt fólk er sífellt minnt á hvað sé fallett og hvað sé viðurkennt. Nánast ógerlegt er fyrir venjulegt fólk að falla að þessum staðalmyndum. Þá er hættu á að ungmenni rækta með sér neikvæð viðhorf sem heftir frelsi þeirra og getur haft áhrif á nám og starfsframa.

Við erum öll misjöfn frá náttúrunnar hendi, sem betur fer. Í neytlusamfélagi nútímans sitja börn og unglingar hins vegar uppi með stanslausar áminningar um æskilegt og eftirsóknarvert útlit. Barbie-dúkkjan var kynnt fyrir stúlkum árið 1959 og lifir enn sem skýr tilvísun um hvernig stúlkur skulu vera í vextinum og hvernig þær skulu klæðast. Þessi neytlumenning lofar grannan vöxt og lítur neikvæðum augum á fitu og önnur persónuleg sérkenni.

Fullorðnir þurfa að vera vakandi yfir hugsunum barna og unglunga og hlusta af næmni þegar þau tjá sig um líkamsmynd sína og tilfinningar. Virk hlustun felst í því að reyna að skilja hvað barnið meinar en ekki í að leggja okkar eigin skilning í hvað þau segja. Við þurfum að vera fyrirmyndir.

SAM-FÉLAGSMÁL



Skúli Skúlason
formaður KSK

Hegðun okkar hefur mun meira að segja heldur en orðin tóm. Það kemur fram í hegðun barna og unglunga er þau finna fyrir höfnun vegna líkamsgerðar sinnar. Við þurfum því að beina athyglinni að hegðun barnsins eða unglingsins en ekki holdafarinu eða líkamsásýndinni.

Fordómar eiga fyrst og fremst rætur í þekkingarleysi. Við sjáum þá birtast á kommentakerfum samfélags-

miðla og þá virðist ekki skipta máli hvort þeir beinast að einstaklingum sem eru mismunandi á litinn eða einstaklingum í stjórnmálum. Fordómar eru jafnslæmir og skaðlegir beinist þeir að holdafari eða útliti fólks.

Sem góðar fyrirmyndir tölum við ekki neikvætt um líkama fólks. Óraunhæf útlitsviðmið gera ekkert gagn og við þurfum að fræða börnin okkar um mikilvægi þess að þau beri virðingu fyrir sjálfum sér. Þannig ræktum við sterka og sjálfstæða einstaklinga. Sjálfsmýndin

er sterkt afl og við þurfum að rækta stolt hjá hverjum og einum yfir sérkennum sínum.

Kaupfélag Suðurnesja (KSK) tekur afstöðu með jákvæðum skilaboðum til ungs fólks með stuðningi við þá vitundarvakningu sem felst í því að efla jákvæða líkamsmynd. KSK vinnur með Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum að því að efla sjálfsmýnd, kraft og hæfileika ungs fólks með því að skipuleggja samtál fagfólks á öllum skólastigum sem vinna þarf saman að því að eyða for-

→ Við erum öll misjöfn frá náttúrunnar hendi, sem betur fer. Í neytlusamfélagi nútímans sitja börn og unglingar hins vegar uppi með stanslausar áminningar um æskilegt og eftirsóknarvert útlit.

dómum varðandi staðalmyndir um líkamsbyggingu ungmenna og styrkja um leið sjálfsmýnd þeirra og virðingu.

Yfirburðir: Zeolith®-þurrkun skýtur Siemens enn og aftur í fyrsta sæti!

www.sminor.is

Í nýjstu úttektum sænska neytendablaðsins **Råd & Rön** (apríl 2015) og danska neytendablaðsins **Tænk** (apríl 2015) á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum hlaut Siemens uppþvottavélin SN 45M209SK hæstu einkunn. Með næsthæstu einkunn í úttekt Tænk er Siemens uppþvottavélin SN478S01TS. Þetta staðfestir yfirburði Siemens uppþvottavéla. Vélarar fá topp-einkunn, eins og fyrri sigurvegarar Siemens, fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri **Zeolith®-þurrkun**, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtau.

Zeolith®-þurrkun byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólít soga í sig raka og gefa frá sér hita.

Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN April 2015



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB

Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fánánlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðsþökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

Sjá nánar um úttektir neytendablaðanna á heimasíðu okkar.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÞAKKAR FYRIR GÓÐA UMÖNNUN

Thelma Karitas var aðeins 15 ára þegar hún fékk heilablóðfall í janúar. Hún ætlar að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni og styrkja Grensás í leiðinni. Síða 2

SÍÐUSTU ÚTSÖLUDAGAR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR
FIMMTUDAGINN 13. ÁGÚST
FLESTAR ÚTSÖLUVÖRUR
60%-70% AFSLÁTTUR

Nú er tækifærið að eignast gæða merkjavöru á einstöku verði



Vertu vinur á Facebook

Summaryfirhafnir - Glæsikjólur - Buxur - Bolir - Peysur o.fl.



3 síddir - háar í mittið

Gallabuxur á 13.900 kr

- 3 síddir: 76 + 83 + 89 cm
- 4 lítt
- stærð 34 - 54



Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Klík á myndir og verð á Facebook

EINKENNI TÍÐAHVARFA HURFU MEÐ CHELLO

GENGUR VEL KYNNIR Þrjár af hverjum fjórum konum upplifa einhvers konar óþægindi við tíðahvörf. Breytingaaldurinn er í raun frábært aldurskeið þar sem andlegur þroski konunnar er í blóma en því fylgja oft kvillar eins og hita- og svitakóf, geðbreytingar, leiði og orkuleysi. Chello hefur hjálpað mörgum.

Chello er alveg náttúrulegt efni sem jafnar hormónasveiflurnar og slær þannig á hitakófin. Það eru engir hormónar í þessum töflum og Chello er eitt af fáum efnum sem skandinavísk læknaþöð og kvensjúkdómalæknar hafa mælt með fyrir konur á breytingaskeiðinu.

Svala Vignisdóttir er um fimmtugt og starfar hjá Nýsköpunarsjóði. Fyrir ári fór hún að finna fyrir miklum einkennum breytingaskeiðsins, svo sem slæmum hitakófum, skapsveiflum og vanlíðan. Hún reyndi ýmis mismun-

andi efni sem í boði eru á markaðnum fyrir breytingaskeiðið, til að vinna bug á þessum óþægindum en það var ekki fyrr en hún prófaði Chello Forte með D-vítamíni sem einkennin hurfu. „Chello breytti öllu, hreinlega bjargaði lífi mínu. Ég var búin að reyna bæði náttúruleg efni og hormóna en ekkert virkaði. Nú er ég laus við hitakófin og skapsveiflurnar og er alsæl.“

Útsölastaðir: Flest apótek, heilsuþúðir, Fjarðarkaup, Hagkaup og Þín verslun Seljabraut.

CHELLO CLASSIC

GRÆNN er gott við mildum einkennum af svita og hitakófi. Það inniheldur plöntu-extrakt úr dong quai ásamt rauðsmára, vallhumli, kamillu og túnfífi. Inniheldur ekki soja.

CHELLOFORTE

RAUÐUR er ætlað konum yfir fimmtugu og er gott við miklu svita- og hitakófi. Það inniheldur dong quai og soja-extrakt sem hefur sýnt sig virka vel á hita- og svitakóf, ásamt rauðsmára og salvíu.

CHELLO FORTE +D-VÍTAMÍN

BLÁR er gott fyrir konur undir fimmtugu. Það slær á mikil hita- og svitakóf og inniheldur sömu efni og rauða Chello með viðbættu D-vítamíni sem styrkir beinin sem er mikilvægt fyrir konur sem byrja snemma á breytingaskeiðinu.



BETRI LIÐAN

Svala fór að finna fyrir miklum einkennum breytingaskeiðsins fyrir ári. Hún prófaði Chello Forte með D-vítamíni og einkennin hurfu.




Gjöf handa þér og þínum

Tékk
KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is **365**

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



THELMA KARITAS Á GRENSÁS
Hún segist eiga starfsfólki Endurhæfingarinna það að þakka að hún getur gengið tíu kílómetrana í Reykjavík-urmarþoninu.

GENGUR FYRIR GRENSÁSDEILD

HETJA *Thelma Karitas var aðeins fimmtán ára þegar hún fékk heilablóðfall í janúar síðastliðnum. Hún gengur tíu kílómetra ásamt vinum og vandamönnum til að þakka starfsfólku Grensáss fyrir sig.*

Thelma Karitas Halldórsdóttir er sextán ára og safnar áheitum á að henni takist að komast tíu kílómetra í Reykjavík-urmarþoninu.

Í janúar síðastliðnum fékk hún heilablóðfall og fjórum dögum síðar blóðtappa aðeins 15 ára gömul. Við þetta lamaðist hún á hægri hlið líkamans og missti málið tímabundið. „Það er aðallega starfsfólki Grensáss að þakka að ég er labbandi núna og ég get notað hægri höndina því þótt hún sé ekki allveg fullkomlega komin til baka þá get ég allt sjálf,“ segir Thelma. „Ég hef verið í endurhæfingu þar síðan í mars og vil leggja mitt af mörkum til að efla starfsemina.“ Thelma ákvað tiltölulega fljótt eftir að hún veiktist að hún ætlaði í hlaupið, hvernig sem hún færi að því. „Við ákváðum í lok janúar að við myndum fara í þetta hlaup hvort sem ég þyrfti að vera í hjólastól

eða labbandi. Ég held að það hafi hjálpað mér mikið við batann að hafa þetta markmið og ég ætlaði mér alltaf að ganga og ekki vera í stól. Og nú get ég það.“

ÍPRÓTTAKONA

Thelma var mikið í íþróttum áður en hún veiktist. „Ég æfði fótbolta frá fjögurra ára aldri og hef verið á fullu í því síðan og hef líka prófað fullt af öðrum greinum, var í fimleikum, fór oft á skíði með fjölskyldunni, allt nema handbolta eiginlega. Það var eiginlega mesta sjokkið, að geta ekki hlaupið, en nú er ég byrjuð að hlaupa aftur og þó ég komist ekki nema hundrað metra án þess að verða mjög þreytt þá er þetta allt að koma.“ Thelma ákvað að setja markið hátt. „Ég ákvað að fara tíu kílómetra og er búin að fá fjölskyldu og vini til að fara með mér svo ég komi ekki ein og ekki síðust í mark. Ég hef farið þrjá

kílómetra áður en aldrei tíu og mig langaði að prófa það.“

UNDIRBÚNINGUR Á FULLU

Hún er á fullu í undirbúningi. „Ég er að safna mér lögum til að hafa í eyrunum en svo hef ég líka mömmu mína með mér og fullt af frænkum og frændum, og bestu vinkonu mína sem ætlar líka að labba með mér svo þetta verður eiginlega svona fjölskylduhátíð.“

Thelma segist vera svolítið fyrir teknó og er farin að setja saman sína uppáhaldstónlist á tónhlöðu. „Ég ætla að hlusta á Something new með Axwell og Headlights með Robin Sculls og svo verður eitthvað með Kalvin Harris og Kings of Leon og líka alls konar gömul tónlist.“

Þeir sem vilja styrkja Thelmu Karitas finna hana á hlaupastyrkur.is. Hún hleypur fyrir Grensás og númerið hennar er #3278.

■ brynhildur@365.is

SMÁRÉTTA HOT PLATE
DJÚSÍ OG HOLLT
1.690KR



Culiacan
MEXICAN GRILL
Djúskarlarlaust 4a
www.culiacan.is

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á dreifing@postdreifing.is **Post dreifing**

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

DÝRMÆTI ÚR ÚRGANGI

Mörg hendum við hugsunarlaust því sem gæti svo auðveldlega nýst á ótal mismunandi vegu til að gera lífið þægilegra og betra.

Ýmislegt sem til fellur við matargerð og löngum hefur verið hent er hægt að nýta á annan hátt, bæði til matargerðar og annars. Þannig að næst þegar þú ætlar að henda hugsunarlaust skaltu staldra við og velta fyrir þér hvort það sem þú ætlar með í ruslið geti mögulega gert líf þitt skemmtilegra í einhverju öðru hlutverki og jafnvel sparað þér stórfé.


Appelsínubörkur og börkur af öðrum sitrus-ávöxtum er til margra hluta nýtsamlegur. Hann má þurrka í sólarljósi eða inni í óni svolitla stund og síðan nýta til að bragðbæta ýmsa rétti, bæði sæta og ósæta. Ef kettir nágrennans eru of nærgöngulir er einnig þjóðráð að leggja appelsínubörk í glugga því kisur þola ekki lyktina af sitrusávöxtum. Þá dregur appelsínubörkur einnig í sig lykt og er sérstaklega notadrjúgur þegar þarf að losna við reyk-ingalykt úr herbergjum.

Selleríblöð Má skera smátt og þurrka og nota til að styrkja bragðið af súpum eða salati. Það má líka nota selleríkrydd í stað steinselju og annarra

kryddjurta á pastarétti og í safa.

Kjúklingabein Eru ekki síður nýtsamleg en kjötið sjálft. Beininn má sjóða og bæta út í kryddum og grænmeti og fá þannig prýðissoð sem bæði er hægt að drekka beint en líka nota til að bragðbæta súpur.

Eggjaskurn Má þurrka og mala smátt og blanda út í þeyttu útgáfuna af einu egg. Þá er kominn andlitsmaski sem bæði nærir húðina og lyftir henni. **Notaðir tepokar** Eru einstaklega góðir fyrir húðina. Þeir draga úr bólgum og kæla sólbrennda húð. Þá nýtast þeir einnig til að drepa bakteríur, fjarlægja vonda lykt og eru endurnærandi út í fótabað.



APPELSÍNUBÖRKUR
Engin ástæða er til að henda ilmandi appelsínuberki í ruslið þegar hann er til svona margt nýtsamlegur.

SUMMARÚTSALA

Niðurfellanleg hliðarborð



Landmann gasgrill Triton 2ja brennara

- Orka 8 KW = 27.300 BTU
- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- 4 hjól með bremsu

54.900
VERÐ ÁÐUR 69.900

8,0 KW

Nr. 12903

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Niðurfellanleg hliðarborð



Landmann gasgrill Triton 3ja brennara

- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól
- Einnig til hvítt

74.900
VERÐ ÁÐUR 89.900

10,5 KW

Nr. 12932

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

POWER PIS



Landmann gasgrill Triton 4ra brennara

- Gashella í hliðarborði

- Orka 14,8 KW = 50.500 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól

99.900
VERÐ ÁÐUR 114.900

14,8 KW

Nr. 12962

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

TEST WINNER!



Landmann gasgrill Avalon 4ra brennara

18,7 KW

- Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Rafkveikja
- Gashella
- Auðveld þrif

109.900
VERÐ ÁÐUR 139.900

VELDU GRILL SEM ENDAST OG ÞÚ SPARAR

Nr. 12792

www.grillbudin.is

LANDMANN
Er frá Þýskalandi



Landmann gasgrill Grill Chef 4 brennara

- Orka 17,2 KW = 36.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Lok með hitamæli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemaleraðar grillgrindur
- Kveiking í öllum rofum
- Postulínsemalerað efri grind
- Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu sem auðveldar mjög þrif

59.900
VERÐ ÁÐUR 69.900

17,2 KW

Nr. 12755

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

22,8 KW



Landmann gasgrill Avalon 5 brennara

- Orka 22,8 KW = 78.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Innrauður ofurbrennari fyrir hina fullkomu steik
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Grillteinn og bakbrennari
- Gashella

189.900
VERÐ ÁÐUR 209.900

Nr. 12794

LANDMANN
Er frá Þýskalandi



Landmann gasgrill Grill Chef 3 brennara

- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Ryðfrítt lok með mæli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemaleraðar grillgrindur
- Kveiking í öllum rofum
- Postulínsemalerað efri grind
- Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu sem auðveldar mjög þrif

39.900
VERÐ ÁÐUR 57.900

10,5 KW

Nr. 12721

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

2,7 KW



Landmann ferðagrill

Kraftmikið, létt og þægilegt ferðagasgrill. Grillið leggst vel saman og er því fyrirferðalítið og meðfærilegt

Grillflötur: 46 x 27 cm
Orka: 2,7KW = 8.600 BTU

14.900
VERÐ ÁÐUR 19.900

Nr. 12050

www.grillbudin.is

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Opið 11-18 virka daga og 11-16 laugardaga

Komdu og fáðu ráðleggingar

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

Grillbúðin

BYLGJAN989 #BYLGJAN



ÍVAR GUÐMUNDS ER Í LOFTINU

ALLA VIRKA DAGA MILLI KL. 10:00 - 13:00

SIÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAÐIÐ FM 98.9

HLUSTUÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

BYLGJAN
989

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



HOLLT Í NESTISBOXIÐ Á frístundanámskeiðum sumarsins þurfa krakkarnir að fá fjölbreytt og hollt nesti. Þá reynir á hugmyndaflug foreldra. NORDIC PHOTOS/GETTY

HEILHVEITIVEFJUR Í FRÍSTUNDANESTI

HOLLT Í NESTISBOXIÐ Nestisbox krakkanna á sumarnámskeiðunum getur reynst mörgu foreldrinu höfuðverkur. Eitthvað sem barnið borðar en þó ekki of sykrað og sætt. Heimagerðar og hollar tortillur opna ýmsa möguleika.

Kæfusamloka og deigur banani verða fljótt leiðigjarnt nesti en þegar búa þarf barnið út með næringarríkt nesti fyrir heilan dag fimm daga vikunnar verða margir foreldrar uppiskroppa með hugmyndir. Þá gætu heimabakaðar tortilla-kökur leyst ákveðinn vanda þar sem setja má nánast hvað sem er inn í þær. Þá er lítið mál að búa þær til heima og tryggja þannig að þær verði hollari en annars. Svo fara þær vel í hendi þegar matast er úti á túni.

Inn í kökurnar er kjörið að setja það sem var í matinn kvöldið áður, kalt kjöt eða kjötbollur, hakk, kjúkling eða fisk, og bæta tómötum, gúrkum og salatblöðum við, eða niðursneiddri lárperu.

Þá er líka gott að smyrja þær einfaldlega með skinku og osti, eða smurosti eða búa til eggja- eða túnfisksalat og smyrja innan í kökurnar.

Fáið krakkana með í að útbúa nestisrúllurnar kvöldið áður, þá hafa þau enn betri lyst á þeim daginn eftir.

HEIMALAGAÐAR TORTILLUR

4 bollar hveiti (mætti hafa einn þeirra heilhveiti)
1 tsk. salt
2 tsk. lyftiduft
2 msk. svínafeiti eða palmínfeiti
1 ½ bolli vatn

Hrærið hveiti, salt og lyftiduft saman í skál. Myljið feitina vel saman við þurrefnin með fingrunum. Bætið þá vatni út í þar til deigið þéttist, hvolfið því þá á hveitiborið borð og hnoðið saman í nokkrar mínútur eða þar til deigið verður mjúkt og teygjanlegt. Skiptið því niður í 24 hluta og rúllið bolta.

Hitið pönnukökupönnu yfir miðlungshita, fletjið deigbolt-



MARGIR MÖGULEIKAR Tortillavefjur má fylla með nánast hverju sem er, því sem var í kvöldmatinn daginn áður, skinku og osti eða túnfisksalati.

ana út í þunnar kökur, hafið nóg af hveiti á borðinu og keflinu, og steikið svo á þurri pönnunni á báðum hliðum. allrecipes.com

GRILLUÐ AGÚRKA MEÐ HUMRI

Íslenskt grænmeti er bæði einstaklega hollt og gott. Grilluð agúrka er eitthvað sem allir ættu að prófa áður en hausta tekur enda óvenjulegur og góður réttur.

Uppskerutími á bráðhollu íslensku grænmeti er nú í hámarki. Í ágúst- og septembermánuði fyllast verslanir af íslensku grænmeti á borð við spergilkál, blómekál, hnúðkál, sellerí og rauðkál. Fjölmargar aðrar tegundir eru síðan í boði stóran hluta ársins.

Á vef Sölufélags garðyrkjumanna (islenskt.is) má finna fjölda girnilegra uppskrifta úr íslensku grænmeti, þar á meðal þessa uppskrift að grillaðri gúrku með humarsalati og kotasælu sem upplagt er að prófa áður en haustið kemur.

GRILLUÐ GÚRKA MEÐ HUMARSALATI OG KOTASÆLU

1 gúrka
100 g humar
3 msk. kotasæla
2 msk. majónes
1-2 msk. saxaðar kryddjurtir t.d. kóríander eða graslaukur
Hnífsoddur salt og smá pipar
Sítrónuraspur af einni sítrónu



AÐFERÐ:

Gúrkan er skorin langsúmm og kjarninn hreinsaður úr. Best er að nota skeið við það. Humar er skorinn smátt og settur í skál ásamt kotasælu, majónesi, salti og pipar, kryddjurtum og sítrónuraspi. Salati er raðað í miðja gúrkuna þar sem kjarninn var áður og gúrkun síðan sett á grillið eða grilluð inn í ofni.

Höfundur uppskriftar: **Ylfa Helgadóttir**, eigandi veitingastaðarins Kopars og meðlimur í kokkalandslíði Íslands.

Reynsluakstur
Audi Q7 og Suzuki Vitara
Benz og BMW
Hætta þau í mynd sinni?
Porsche Met í vinsældum
GM Veðjar á Indland

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 11. ÁGÚST 2015



SALA BÍLA 41% MEIRI EN Í FYRRA

Einstaklingar hafa keypt 49% fleiri bíla en í fyrra, fyrirtæki 57% fleiri bíla og bílaleigur 33% fleiri. BL söluhæst.

Sala nýrra bíla frá janúar til júlfloka í ár hefur verið góð miðað við sama tíma í fyrra. Alls hafa selst 10.823 bílar sem er 41% fleiri bílar en í fyrra þegar þeir voru 7.674. Allir markaðshlutar eru að vaxa ágætlega en þó er áberandi meiri vöxtur í sölu til einstaklinga, eða 49,1%, og enn meiri vöxtur til fyrirtækja annarra en bílaleiga, eða 56,5%. Bílaleigur hafa síðan keypt 32,7% fleiri bíla en í fyrra og er því hlutdeild bílaleiga heldur að minnka og er það sem af er ári 52,7% af heildarsöluinni, miðað

við 56% í fyrra. Seinnipart ársins er lítið um sölu til bílaleiga og líklegt er að hlutdeild þeirra endi í um 37% af heildarsöluinni.

Toyota langsöluhæsta bílamerkið

Toyota hefur selst best af einstaka bílamerkjum, eða alls 1.781 bíll, en á sama tíma í fyrra voru þeir 1.178, vöxtur upp á 51,2%. Næstsöluhæsta bílamerkið er Volkswagen með 1.006 selda bíla en þeir voru 836 í fyrra, 20,3% vöxtur þar. Kia kemur svo í þriðja sæti með 939 bíla, en í fyrra voru þeir 625, 50,2% vöxtur. Þar á eftir koma bílamerkin Suzuki, Skoda, Hyundai, Ford,

Renault, Nissan og Mazda er í tíunda sæti. Hástökkvari ársins er samt Opel með 382 bíla selda, en aðeins 17 í fyrra, eða 2.141% vöxt. Bílabúð Benna tók yfir Opel-merkið frá BL í fyrra. Enn fremur var gríðarlegur vöxtur í sölu Mitsubishi-bíla, en selst hafa 206 slíkir á árinu en aðeins 26 í fyrra, sem svarar til 692% vaxtar. Citroën-bílar hafa einnig selst 103% betur, með 203 bíla í ár en 100 í fyrra.

Mercedes Benz selst best af lúxusbílamerkjum

Vel hefur gengið að selja bíla þá sem teljast til lúxusbílamerkja.

Þar trónir Mercedes Benz hæst með 295 bíla selda. Þar á eftir kemur Land Rover/Range Rover með 151 bíl, Volvo 127, Audi 98 og BMW 68. Mest aukning hefur orðið hjá Audi, en þeir hafa selst 55,6% betur en í fyrra, en vöxturinn hjá Volvo er 51,2%. Sala Porsche-bíla hefur einnig gengið mjög vel á þessu ári og selst hafa einir 50 bílar, umtalsvert meira en á sama tíma í fyrra og er aukningin ef til vill mess hjá Porsche af lúxusbílamerkjum. Sala BMW hefur svo til staðið í stað, en selst hafa 68 bílar í ár en 66 á sama tíma í fyrra.

BL söluhæsta umboðið

Af einstaka bílaumboðum er BL söluhæst með 2.447 selda bíla. Þar á eftir kemur Hekla með 1.970 bíla, Toyota með 1.809 bíla, Brimborg með 1.314 bíla og Askja með 1.234 bíla selda. Þau umboð sem eru enn undir 1.000 seldum bílum eru Bílabúð Benna með 808 bíla, Suzuki með 700 bíla og Bernhard, 395 bílar. Aðrir söluaðilar hafa svo selt 146 bíla. Mest aukning á milli ára hefur orðið hjá Brimborg, eða 53,0%, 51,3% hjá Toyota/Lexus, 47,7% hjá BL, 44,2% hjá Bernhard og 42,2% hjá Öskju.



BETRA START

MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótórhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:





BMW opnar nýjan sýningarsal

BL opnaði á dögunum nýjan BMW-sýningarsal í húsakynnum félagsins við Sævarhöfða 2. Nýi BMW-salurinn er fyrsti salurinn í sögu BMW hérlandis sem innréttaður er algjörlega eftir alþjóðlegum innréttingastöðlum BMW. Framleiðendur lúxusbíla á borð við BMW gera sífellt meiri kröfur um að umhverfi viðskiptavina og þjónusta við þá sé eins á milli markaða. BL færði á sama tíma þjónustumóttöku fyrir BMW-viðskiptavinum á sama stað og því koma BMW-viðskiptavinir á einn stað með öll sín erindi varðandi bílinn.

„Við höfum í gegnum árin lagt okkur fram um að uppfylla staðla BMW og innleiða allt það sem snýr að gæðum þjónustunnar en við höfum ekki gengið skrefið til fulls fyrr en nú með aðstöðuna eins og hún leggur sig. Samkeppni á bílamarkaði er hörð og ef við ætlum að halda áfram að vera leiðandi bílaumboð verðum við halda árveki og bjóða viðskiptavinum persónulega þjónustu í aðlaðandi umhverfi. Því er einnig við að bæta að BMW, eins og reyndar flestir þeir framleiðendur sem við erum með umboð fyrir, hefur aukið verulega vöruframboðið og það kallar á meira sýningarpláss,“ sagði Loftur Ágústsson, markaðsstjóri BL. Nýi BMW-sýningarsalurinn er tæplega 500 fermetrar með sýningarpláss fyrir allt að tólf bíla. Aðstaða fyrir viðskiptavinum er með því glæsilegasta sem í boði er. „Við bjóðum alla velkomna að koma og skoða nýju BMW-aðstöðuna okkar að Sævarhöfða 2,“ sagði Loftur að lokum.

Metsala Subaru WRX og STI í Bandaríkjunum

Í síðasta mánuði óku 3.716 nýir og kátir eigendur Subaru Impreza WRX og STI bíla frá söluumboðum Subaru í Bandaríkjunum. Var þetta 85% meiri sala en í júlí í fyrra. Fjöldi seldra bíla er svo sem ekki sláandi ef borið er saman við 15.811 Subaru Forester bíla sem seldust á sama tíma og 50.157 heildarsölu Subaru í mánuðinum. Hafa verður þó í huga að sala „hot hatch“-bíla er alla jafna ekki svo mikil, en þar fara gríðaröflugir sportbílur af minni gerðinni sem kosta mun meira en grunngerðir bílanna. Sem dæmi má nefna að Volkswagen seldi 1.780 Golf GTI bíla og 132 Golf R bíla í júlí í Bandaríkjunum. Þessir tveir kraftabílar Subaru voru aðeins með 4,4% af heildarsölu Subaru í Bandaríkjunum í fyrra í júlí en sú tala var 7,4% í ár. Subaru WRX og STI voru þó ekki einu sportbílarinnir sem Subaru seldi þar vestra í síðasta mánuði, þar sem Subaru seldi einnig 1.583 Subaru BRZ og systurbíll hans, sem Toyota selur undir merkjum Scion með undirstafina FR-S, seldist á sama tíma í 1.058 eintökum. Sá bíll er seldur sem Toyota GT-86 hérlandis.



Audi S8 Plus er 605 hestöfl

Audi hefur aldrei boðið flaggskipið A8 bíl í sérstakri kraftaútgáfu, þ.e. með stafina RS í endann. Þó hefur lengi verið til öflugri útgáfa hans, S8. Með nýrri kynslóð A8 bílsins mun Audi nú bjóða S8 Plus útgáfu bílsins með 605 hestafla vél. Audi S8 verður með 520 hestafla vél og venjulegur A8 aflminni en með fjölbreyttara vélarúrvali, þar á meðal dísilvél. Það er aðeins Mercedes Benz S65 sem er aflmeiri af stóru þýsku lúxusbílunum, en hann er líka 12 strokka en Audi S8 Plus er með 8 strokka vél. Þessi bíll, Audi S8 Plus, er ári snöggur í hundraðið af stórum bíl að vera, eða 3,8 sekúndur og hámarkshraði hans er 306 km/klst. Bíllinn kemur með Carbon-Ceramic bremsum og á 21 tommu álfelgum. Bæði að innan og utan er bíllinn aðgreindur frá A8 og S8 bílunum með ýmsum smáatriðum. Þessi bíll kemur á markað í nóvember og verðið er 145.200 evrur, eða 21,4 milljónir króna. Eitthvað dýrari verður hann þó hér á landi með sín myndarlegu vörugjöld og söluskatt.



ERU BMW OG BENZ AÐ HÆTTA ÍMYND SINNI?

Bæði fyrirtækin tefla nú fram nýjum bílgerðum í flokkum sem þau ekki gerðu áður. Benz smíðar pallbíl fyrsta sinni.

BMW er þekkt fyrir sportlega afturhjóla-drifna bíla með mikla aksturshæfni og Benz fyrir glæsta lúxusbíla í öllum stærðum og ímynd þeirra á lúxusbílamarkaði er mjög sterk. Því furða margir sig á því að fyrirtækin bæði skuli þora að feta sig inn á aðrar brautir, eins og við smíði fjölnotabíla og pallbíla. BMW kynnti í fyrra fjölnotabíllinn BMW 2 Active Tourer og Benz ætlar að setja á markað fremur ódýran pallbíl sem byggður verður á sama undirvagni og Nissan Navara. Þetta gera bæði fyrirtækin til þess að auka sölu sína og breikka framboðið í flestum flokkum bíla, en skyldu þau í leiðinni vera að skjóta sig í fótinn og ofra þessari sterku ímynd sinni?

Segja kaupendur ekki vilja aka á sama bíl og náganninn
Forsvarsmenn beggja fyrirtækj-

anna segja að viðskiptavinir þeirra krefjast þess að þau framleiði fjölbreyttar gerðir bíla og að þeir vilji ekki endilega aka um á sömu bílgerð og náganninn og því hafi þau kynnt margar nýjar bílgerðir á síðustu árum og muni gera það einnig á næstu árum. Audi fetar að mörgu leyti sömu slóð og hin tvö þýsku lúxusbílamarkaðir og fyrirtækið ætlar að kynna sjö nýjar bílgerðir á næstu fimm árum og Mercedes Benz ætlar að bæta við tíu nýjum bílgerðum fram til ársins 2020. Þó hefur verið bent á að Audi hafi gætt sín betur en BMW og Benz á að þynna út bílgerðir sínar á öllum mögulegum mörkuðum sem gefið gætu arð. Einnig hefur verið bent á að Porsche, sem þó hefur á seinni árum bætt jeppa og jepplingi við bílgerðir sínar, hafi gætt fyrirtækjanna best að ímynd sinni með einkar vel smíðuðum bílum í ekki of mörgum flokkum og hafi ekki tapað ímynd sinni fyrir vikið.

Audi og Porsche í betri stöðu?

Aðrir hafa bent á að Audi og Porsche tilheyri stóru Volkswagen-bílasamstæðunni og það gagnist þeim báðum þar sem þeim sé ekki leyft að ótakmörkuðu leyti að fara inn á markaði annarra bílasmiða samstæðunnar. Þau njóti einnig þess mikla fjár sem fari í þróunarstarf Volkswagen-samstæðunnar, sem hefur eytt mest allra bílafyrirtækja heims í þróun bíla sinna á síðustu árum. Þarna standi BMW og Benz ver að vígi og að þau neyðist til að taka þátt í slagnum á sem flestum sviðum bílgerða og að þau hafi ekki eins ótakmarkað fjármagn til þróunar nýrra bíla. Hvort það verður til að skaða ímynd þeirra eða minnka hagnað af sölu bíla þeirra til lengri tíma mun tíminn einn leiða í ljós, en hættumerkin eru til staðar. Vel gengur hjá þeim báðum um þessar mundir og vonandi verður svo áfram.

DRÆGNI CHEVROLET VOLT EYKST UM 40%

Eigendur Volt fara 80% ferða sinna á rafmagn og brátt meira.

Stutt er í að Chevrolet kynni nýja kynslóð tvíorkubílsins Volt og hann á að komast 85 kílómetra á rafmagninu eingöngu, eða 40% lengra en fyrri gerð. Eftir að rafmagnið klárast á Volt fer eins konar ljósavél í gang sem brennir bensíni og framleiðir rafmagn og gengur hann því alltaf á rafmagn. Uppgefin eyðsla bílsins er 2,2 lítrar á hverja 100 kílómetra. Eins og með marga aðra tvíorkubíla komast eigendur þeirra svo til allra sinna ferða á rafmagninu eingöngu og með nýrri og langdrægari gerð bílsins ættu þeir að hræðast minna að aka á bensíni. Í tilviki Volt er svo til ekkert að hræðast því ef rafmagnið klárast tekur ljósavélin við og því er enginn munur á honum og hefðbundnum bíl og drægnin svipuð og í venjulegum bílum. Annað á við í tilfelli hreinna raforkubíla, en þegar



Ný kynslóð Chevrolet Volt á að komast 85 km á hverri hleðslu.

rafmagnið klárast er bíllinn stöpp.

Eigendur Volt aka 80% á rafmagn

Núverandi eigendur Chevrolet Volt aka 80% sinna ferða á rafmagninu, en með breyttum bíl er gert ráð fyrir því að sú tala fari í 90%. Athyglivert er að verð Volt

kemur til með lækka með nýrri kynslóð og mun hann fá 33.995 dollara verðmiða, en núverandi gerð kostar 34.170 dollara. Þetta er verðið áður en til koma endurgreiðslur frá ríkinu og geta þær auðveldlega numið 7.500 dollurum vestra. Því kostar nýr Volt um 3,5 milljónir króna í Bandaríkjunum.

Volkswagen Polo gerir gæðamuninn.



**UPPFÆRSLUBÓNUS
VOLKSWAGEN
+80.000 kr.**



VW Polo Trend & Style:

2.690.000 kr.

Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.

Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

Staðalbúnaður í Trend & Style

- | | | | |
|----------------------------|------------------------------------|--------------------------------------------|------------------------------------------|
| • Hiti í framsætum | • Nálgunarvarar að aftan og framan | • Start/Stop búnaður | • Stöðugleikastýring |
| • Hraðastillir | • Skyggðar rúður | • Halogen aðalljós | • Spólvörn |
| • Leðurklætt aðgerðarstýri | • 15" Estrada Álfelgur | • Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun | • Composition Touch útvarp m/4 hátölurum |
| • Litaskjár í mælaborði | | | |



Das Auto.





Met í vinsældum Porsche í Bandaríkjunum

Á síðasta ári voru seldir fleiri Porsche-bílar í Bandaríkjunum en nokkru öðru landi. Í ár eru yfir 30 þúsund bílar seldir þar fyrstu sex mánuði ársins, sem svarar til 13% aukningar miðað við sama tímabil í fyrra. Það kemur reyndar ekki á óvart vegna þess að sterk ímynd Porsche í Bandaríkjunum á sér langa sögu. Ameríski Porsche-klúbburinn (PCA) hefur verið starfandi í 60 ár og er sá fjölmennasti í heimi með um 115,000 meðlimi í 143 deildum vítt og breitt um Bandaríkin. Porsche-ástríða Ameríkana endurspegladist einnig ljóslega í könnun sem framkvæmd var nýlega af J.D. Power and Associates, einu virtasta markaðsrannsóknafyrirtæki Bandaríkjanna. Þar trónir Porsche á toppnum í heildaránægjukönnun á meðal bandarískra bíleigenda, enn eina ferðina. Nýjar gerðir frá Porsche eiga glæsilega innkomu, eins og til dæmis Macan-sportjeppinn, sem tekur toppsætið í sínum flokki í sinni fyrstu tilraun og goðsögnin Porsche 911 sem hirðir titilinn í fjórða skipti í röð. Ofurjeppinn Cayenne og Panamera Gran Turismo tylla sér líka í toppsætin. Þessi niðurstaða byggir á reynslu tugþúsunda bandarískra bíleigenda sem átt hafa 2015-árgerðir af Porsche á tímabilinu frá febrúarmánuði og út maí. Til grundvallar valinu á hverju ári liggur einnig langtíma áreiðanleikarannsókn á bílum á Bandaríkjamarkaði sem hefur verið gerð árlega, samfelt í 29 ár, af J.D. Power and Associates.

Alfa Romeo jepplingur á næsta ári

Mikill kraftur er í Alfa Romeo, en fyrirtækið er í eigu Fiat Chrysler, sem gengur ágætlega um þessar mundir. Þar á bæ ætla menn ekki að missa af áhuga bílkaupenda á jepplingum og unnið hefur verið lengi að fyrsta jepplingi fyrirtækisins. Verður hann kynntur um mitt næsta ár. Vinnuheiti bílsins er Project 949 og er þessi bíll byggður á sama undirvagni og næsti nýi bíll Alfa, þ.e. Giulia, en sá bíll verður kynntur á undan jepplingnum. Stærð jepplingsins er á við BMW X3 og er meiningin að hann keppi við þann bíl og aðra lúxusjepplinga svipaðrar stærðar. Alfa Romeo hefur lengi haft á þröngum að smíða jeppling og sýndi sinn fyrsta tilraunajeppling fyrir einum 12 árum og þar hann nafnið Kamal. Giulia og Project 949 jepplingurinn eru aðeins tveir af átta nýjum bílgerðum sem Alfa Romeo ætlar að kynna til sögunnar fram til ársins 2018 og þar á meðal er annar jepplingur. Aðrir bílar eru tveir af minni gerð fólksbíla, einn í millistærðarflokki, einn stór fólksbíll og einn bíll sem Alfa Romeo segir að verði afar sérstakur. Alfa Romeo hefur uppi þau háleitu markmið að selja um 400.000 bíla þegar árið 2018.



GM veðjar á Indland

Bílamarkaðurinn á Indlandi hefur verið í nokkurri lægð á undanförunum árum og þar seljast tæplega þrjár milljónir bíla á ári. Ýmis teikn eru þó á lofti um aukna sölu á næstu árum og því er spáð að árið 2020 verði Indland orðinn þriðji stærsti bílamarkaður heims á eftir Kína og Bandaríkjunum. General Motors ætlar greinilega ekki að missa af þessum vagni og ætlar á næstu árum að fjárfesta fyrir einn milljarð dollara, eða um 134 milljarða króna, í starfsemi sinni á Indlandi.

GM seldi aðeins 56.700 bíla í fyrra á Indlandi og var markaðshlutdeild fyrirtækisins aðeins 1,8%. Þessu ætlar Mary Barra, forstjóri GM, að breyta og vaxa afar hratt á Indlandi. Stefnan er að kynna tíu nýja bíla á Indlandi á næstu fimm árum og verða þeir framleiddir þar. Í dag eru japanskir og kóreskir bílaframleiðendur ráðandi á bílamarkaðnum á Indlandi. Framleiðendur eins og Suzuki og Hyundai hafa náð miklum árangri á Indlandi en bandarísk og evrópsk bílafyrirtæki hafa ekki náð að festa nægilega rötum í Indlandi og bjóða ekki nógu litla og ódýra bíla þar.

GM ætlar einmitt að framleiða ódýra og smáa bíla í Indlandi og ekki bara selja þá þar heldur einnig í öðrum löndum í Asíu. Þar munu nýjar verksmiðjur GM á Indlandi leika aðalhlutverk. Í leiðinni ætlar GM að draga úr framleiðslu sinni í S-Kóreu, en þar er framleiddur fimmtungur af bílum GM á hverju ári. Hækkandi launakostnaður í S-Kóreu hefur hins vegar valdið GM áhyggjum og stefnan er að flytja talsvert af framleiðslunni þaðan í nýjar verksmiðjur á Indlandi. Framleiðslan í S-Kóreu mun í leiðinni breytast í framleiðslu dýrari bíla GM.

FIAT CHRYSLER HÆKKAR HAGNAÐARSPÁNA

Góð sala í Bandaríkjunum og frábær sala Jeep-bíla skýrir árangurinn. Velta Fiat Chrysler jókst um 25 prósent.

Svo vel gengur hjá Fiat Chrysler um þessar mundir að fyrirtækið hefur þurft að breyta spám sínum um hagnað ársins í betri áttina. Hagnaður fyrri helming ársins var 223 milljarðar króna, en var 129 milljarðar í fyrra. Fyrir vikið hefur fyrirtækið gert ráð fyrir meiri hagnaði á árinu en fyrri spár sögðu til um. Það er aðallega mjög góð sala í Bandaríkjunum og frábær sala Jeep á öllum mörkuðum sem skapa þennan mikla hagnað nú. Velta Fiat Chrysler jókst um 25 prósent frá fyrsta fjórðungi ársins til þess næsta og velta þeirra beggja nam 1.273 milljörðum króna. Fiat hafði spáð 607 milljarða EBIT-hagnaði fyrir árið í ár en hefur nú breytt spánni í 666 milljarða hagnað.

Helmingur hagnaðarins varð til í Bandaríkjunum
Ríflega helmingur hagnaðar Fiat Chrysler varð til í Bandaríkjunum á fyrri helmingi ársins og hann meira en tvöfaldadist á milli ára. Hagnaður af sölu náði nú 7,9% en var 4,9%



Jeep Cherokee og aðrir Jeep-bílar seljast mjög vel.

í fyrra. Salan þar vestra jókst um 8% og nam 677.000 bílum. Salan í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum jókst um 13% og hagnaður þar um 19%. Salan í Kína minnkaði um 15% á milli ára og hagnaður þar minnkaði um 47%. Tap var á sölu bíla í Brasilíu og Argentínu, en þar var hagnaður af sölu í fyrra. Salan þar minnkaði líka um 32% og er til marks um al-

mennt lélega bílasölu þar í ár og slæmt efnahagsástand. Alls seldi Fiat Chrysler 1,19 milljónir bíla á fyrri helmingi ársins, en í fyrra seldi fyrirtækið 1,18 milljónir bíla. Sala Jeep-bíla í heiminum jókst um 27% á þessum fyrstu sex mánuðum ársins. Við þessar góðu hagnaðarfréttir Fiat Chrysler hækkuðu hlutabréf í félaginu um 6,6% og hafa þau hækkað um 45% í ár.

UMHVERFISVÆNIR AFLGJAFAR NÚ Í ÖNDVEGI

Hjá Heklu má nú velja á milli 11 gerða bíla sem ganga fyrir óhefðbundnum aflgjöfum. Með stærsta umhverfisvæna flotann.

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með því hve mikið af bílum hefur komið á skömmum tíma frá Volkswagen-bílafjölskyldunni sem eru með umhverfisvæna aflgjafa. Það eru rafmagnsbílar, Plug-In-Hybrid-bílar og metanbílar. Hekla er umboðsáðili fyrir margar gerðir bílafjölskyldu Volkswagen og þar á bæ eru nú í boði einar nýjar bílgerðir sem eru með umhverfisvæna aflgjafa, fimm bílar frá Volkswagen, þrjár frá Audi, einn frá Skoda. Að auki eru þar í boði tveir þannig bílar frá Mitsubishi.

Rafmagnsbílar, tvíorkubílar og metanbílar

Frá Volkswagen eru þetta rafmagnsbílar E-up og E-Golf, Golf GTE sem er tvíorkubíll og notar rafmagn og brunavél og einnig Golf TGI og Golf Variant TGI sem nota metan og bensín. Frá Audi kemur A3 e-tron rafmagnsbíllinn, A3 g-tron sem gengur fyrir metani og bensíni og svo er að koma Q7 e-tron sem gengur fyrir rafmagn og dísilolíu. Frá Mitsubishi koma svo i-MiEV rafmagnsbíllinn og Outlander PHEV sem gengur fyrir rafmagn og bensíni. Fyrir skömmu greindi forstjóri Volkswagen frá því að fyrirtækið býði nú mesta úrval rafmagnsbíla nokkurs bílaframleiðanda og ekki tók það þetta stóra og sveigjanlega fyrirtæki langan tíma að komast í þá stöðu. Undir Volkswagen-fjölskylduna heyrja einnig



Volkswagen Golf GTE.

Porsche-bílar og þar eru einnig nokkrir bílar sem bjóðast með rafmótorem auk brunavéla og fer þar ef til vill fremst tækniundrið 918 Spyder, en einnig Volkswagen XL-bíllinn sem eyðir 0,9 lítrum af bensíni á hundraðið.

Volkswagen fjárfesti fyrir 1.702 milljarða í fyrra í nýja bíla

Stefna Volkswagen er einföld, þar á bæ stendur til að bjóða svo til hverja einustu bílgerð með rafmagnsmótorem til aðstoðar brunavélunum og sem dæmi um bíla sem þannig verða búnir á næstunni eru Audi A7 og A8 og Volkswagen Touareg og Pheaton. Aðrir bílar fyrirtækisins verða boðnir sem hreinir rafbílar, svo sem nýr Audi R8 e-tron sem komast mun 450 km á hleðslunni og Volkswagen er að vinna að bíl sem komast mun meira en 500 km á hverri hleðslu. Það er því ekki lítið að gerast í þessum

fræðum hjá stóru Volkswagen-bílafjölskyldunni og í fullu samræmi við það að aldrei áður hefur Volkswagen fjárfest fyrir hærri upphæð í þróun bíla sinna en í fyrra, eða fyrir 1.702 milljarða króna, og enginn annar bílaframleiðandi eyddi meira.

Með stærsta bílaflotann sem mengar undir 95 g af CO2

Þessir umhverfisvænu bíla með nýrri tækni er liður í því að hlíta ströngum kröfum Evrópusambandsins um mengun bíla og þar stendur Volkswagen vel nú og mun standa enn betur að vígi innan tíðar. Volkswagen er með stærsta flota bíla sem menga undir 95 g af CO2 allra bílaframleiðenda, eða 57 bíla talsins. Volkswagen skilgreinir sínar aðferðir sem framlag sitt til betri heims og umhverfisverndar og stendur nú skyndilega fremst í flokki bílaframleiðenda hvað það varðar.



BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



 3,4 l/100 km

 89 g/km



ÞARF AÐ VERA
SVONA DÝRT AÐ
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ
MÆLABORÐIÐ SÉ
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ
SÆTTA SIG VIÐ
SKELLUR OG RISPUR?

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

CITROËN C4 CACTUS

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneynnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

15 ára afmæli
Citroën og Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



CITROËN

MADE IN GERMANY
Since 1950

Hefur hlotið frábæra dóma!

**SONAX LAKKVÖRN+GLJÁI –
Sterk og endingargóð gljávörn!**

SONAX®

**SUZUKI
VITARA**

**1,6 L BENSÍNVÉL, 120 HEST-
ÖFL**
Fjór hjóladríf

Eyðsla 5,6 l/100 km í bl. akstri

Mengun 131 g/km CO2
Hröðun 12,0 sek.
Hámarkshraði 180 km/klst.
Verð 4.480.000 kr.
Umboð Suzuki umboðið



STÓRBREYTTUR VITARA ER TRÚR UPPRUNANUM

Hefur minnkað milli kynslóða, er aðeins 1.075 kíló og eyðir frá 4,0 lítrum, sem er fáheyrt fyrir jeppa.

SUZUKI VITARA
Finnur Thorlacius reynsluukur

Suzuki Vitara er einn vinsælasti jeppinn hérlandis á síðustu árum og áratugum. Hann er nú að koma af fjórðu kynslóð, en sú þriðja var orðin tíu ára gömul. Suzuki Vitara hefur selst í nær þremur milljónum eintaka frá komu fyrstu kynslóðar hans árið 1988. Suzuki Vitara er í flokki bíla sem spád er mikilli veltugngni á næstu árum og er búist við því að þessi flokkur bíla muni tvöfalda í sölu fram til ársins 2020. Suzuki hefur frá upphafi alltaf haft þann kost umfram margan jeppann að vera léttur bíll og nú er hann enn þá léttari og það frá aðeins 1.075 kílóum með bensínvél og framhjóladrifi. Enda hefur Suzuki aðeins minnkað Vitara milli kynslóða og því má segja að þar sé afturhvarf til fortíðar fyrstu kynslóðar hans. Vitara með dísilvél og fjór hjóladrifi er hins vegar 1.295 kíló, en það telst samt ekki mikið fyrir jeppa. Auðveldlega má færa rök fyrir því að í framhjóladrifsútfærslu bílsins sé rétt að tala um Vitara sem jepping. Sú útfærsla hans verður ekki flutt inn til landsins enda telur Suzuki á Íslandi að þörfum Íslendinga sé ekki þjónað með þeim bíl. Sökum þess hve hæfur Vitara hefur ávallt verið með góðu fjór hjóladrifi sínu, þrátt fyrir smæðina, tel ég hann meðal jeppa.

Mjög eyðslugrannur

Vegna lítillar þyngdar hefur Vitara ávallt verið fremur eyðslugrannur bíll og það telst fátítt að jeppi eyði jafnlitlu og 4,0 lítrum eins og



Vitara stóð sig frábærlega sem fyrir við erfiðar aðstæður í reynsluakstrinum.

eyðslugrennsta dísilútgáfa hans nú. Nýjum Suzuki Vitara var reynslu-ekið um daginn við frábærar aðstæður sunnan Lissabon í Portúgal. Í býsna hörðum reynsluakstrinum, þar sem bílnum var lítið hlíft, eyddi bensínútgáfa hans 7,1 lítra og vakti það hrifningu greinarritara. Var þá innifalinn þrautakstursbraut þar sem reyndi á torfærugetu hans og ýmsar tækninýjungar sem nóg er af í þessari nýju gerð bílsins. Suzuki Vitara hefur tekið stórvægilegum útlitsbreytingum og er hinn fallegasti bíll. Ekki er víst að núverandi eigendur Vitara sjái það við fyrstu sýn að þarna fari nýr Vitara, svo breyttur er hann. Suzuki hefur ekki fallið í þá gryfju að stækka bílinn og er fyrirtækið trútt sinni sannfæringu, að bíllinn eigi áfram að vera nettur og meðfærilegur. Suzuki Vitara er á móta stór og Mazda CX-3, Opel Mokka, Peugeot 2008, Nissan Juke og Skoda Yeti. Hann er þó með stærsta skottið í sínum flokki, að sögn Suzuki-manna, eða

375 lítra. Aftursætisrymi leyfði það í reynsluakstri að tveir fullorðnir sætu þar og annar þeirra af hærri gerðinni og vel fór um báða.

Suzuki ekki gleymt torfærugetunni

Vélarnar sem eru í boði í Suzuki Vitara eru 1,6 lítra en bæði af bensín- og dísilgerð og báðar 115 hestöfl. Þarna eru ekki háar hestaflátölur en þar sem bíllinn er svo léttur eru þær báðar ágætlega spræk- ar, en dísilvélin sprækari þar sem hún togar heil ósköp, 320 Nm. Báðar vélarnar líkuðu vel en dísilvélin yrði fyrir valinu svo fremi sem ekki munar of miklu í verði. Suzuki hefur ávallt verið trútt sinni sannfæringu, að smíða smáa, eyðslugranna bíla en samt flesta hæfa til utanvegaaksturs. Flestir þeir bílframléiðendur sem framleiða bíla í þessum flokki, svo sem ofantalda bíla, hafa gefist upp á að bjóða þá með nokkurri torfærugetu og með því sparað talsvert í framleiðslunni og því samkeppnishæfari í verði.

40.000

FBL fréttapyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ

KEMUR Á ÓVART

Léttasta útgafa Vitara er aðeins 1.075 kg

Er með stærsta skottið í sínum flokki, 375 lítra

Fá má Vitara með öðrum lit á þaki



- Lítið vélaúrval
- Mikil plastnotkun í innréttingu



- Aksturseiginleikar
- Torfærugeta
- Útlit
- Verð



Það á sko ekki við Suzuki og er Vitara gott dæmi um það. Áfram er þessi bíll hæfur til aksturs á vegum utan alfaraleiðar og sannaðist það í reynsluakstrinum. Vitara er hærri á vegi en flestir samkeppnisbílar hans, býðst með fjórhjóladrifi og er t.d. með fjórum akstursstillingum, allt eftir undirlagi og hve erfiðum vegum hann mætir. Vitara er líka með brekkuaðstoð sem stjórnar hraðanum niður á við ef bratt er farið og driflæsingu. Að auki má finna alvöru varadekk undir skott-hlífinni og það eitt sýnir að Suzuki hefur ekki gleymt því að bíllinn á að geta farið langt frá þéttbýlinu.

Finn á malbikinu og hljóðlátur

Þó svo að Vitara sé mjög hæfur til að takast á við erfiðari vegi er honum væntanlega mest ekið af eigendum sínum á malbiki og þar er hann ekki síður á heimavelli. Stýring hans er rétt stillt og hann hagar sér skemmtilega í beygjum með litlum hliðarhalla og vel má taka á bílnum uns mörkum hans í getu er náð. Stíga þarf fastar á bremsurnar en í sumum öðrum bílum, en það venst vel og telst vart til ókosta. Aðeins heyrir undirvagni bílsins ef hratt er farið um grófar vegi, en annars er bíllinn fremur hljóðlátur. Slaglengd fjöðrunar bílsins mætti vera lengri en gott fjórhjóladrifið færir aflið faglega milli hjóla ef eitthvert þeirra missir grip vegna skorts á slaglengd.

Laglegar útfærslur með öðrum lit á þaki

Kaupendur Vitara hafa úr miklu að velja þegar kemur að innréttingu og litum bílsins. Hann býðst nú í fjórtán litum og velja má að hafa þak hans í öðrum lit og margar þannig fallegar útfærslur hans sáust í fríðum flokki þeirra bíla sem buðust til reynsluakstursins. Þá má fá bíllinn með litafötum í innréttingunni sem eru samlitir ytra byrði bílsins. Þannig verður hann mjög sportlegur og flottur. Velja má um ýmsar útfærslur innréttingarinnar og eftir því sem þær eru dýrari, þeim mun flottari og með fleiri tækninýjungum sem of langt mál er að fara í hér. Framsætin eru ferlega þægileg og gefa mikinn stuðning. Aftursætin teljast ekki í flokki lúxusbíla en vel fer um tvo fullorðna þar og eins þrjú börn, en millistokkur fyrir miðju er ekki til hægðarauka fyrir þriðja fullorðna farþegann. Skottrýmið er merkilega gott fyrir ekki stærri bíl og sýnir hve vel bíllinn er hannaður. Í innréttingunni er notað mikið af plasti og það ekki af dýrari gerðinni, en allt er vel smíðað og lítur mjög vel út og það góða við hana er að líklega mun hún líta jafn vel út eftir tíu ár en Suzuki er þekkt fyrir góða smíði sína og endingu. Suzuki Vitara mun bjóðast á verði frá 4.480.000 krónum og ekki getur það talist hátt verð fyrir heilmikinn bíl.



Suzuki Vitara tekinn til kostanna og spólað í hringi í Portugal.



Lagleg en fremur látlus innrétting í Vitara og talsverð notkun á plasti.


SUZUKI
NOTAÐIR BÍLAR
**CHEVROLET Spark LTZ.**

Skr. 10.2014, ekinn 6 P.KM, bensín, 5 girar.

Verð 1.935.000.
Rnr.100982.

**NISSAN Qashqai SE.**

Skr. 04.2011, ekinn 143 P.KM, bensín, sjálfskiptur.

Verð 2.750.000.
Rnr.100849.

**CHEVROLET Spark LS.**

Skr. 10.2011, ekinn 65 P.KM, bensín, 5 girar.

Verð 1.280.000.
Rnr.100997.

**CHEVROLET Aveo LTZ.**

Skr. 01.2012, ekinn 47 P.KM, bensín, sjálfskiptur.

Verð 1.980.000.
Rnr.100907.

**SUZUKI Kizashi AWD.**

Skr. 01.2013, ekinn 24 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl.

Verð 4.690.000.
Rnr.100816.

**TOYOTA Aygo.**

Skr. 03.2007, ekinn 93 P.KM, bensín, 5 girar.

Verð 790.000.
Rnr.100948.

**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 06.2011, ekinn 55 P.KM, bensín, sjálfskiptur.

Verð 3.580.000.
Rnr.100663.

**SUZUKI Jimny JLX.**

Skr. 06.2011, ekinn 87 P.KM, bensín, sjálfskiptur.

Verð 2.250.000.
Rnr.100825.

**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**

Skr. 11.2010, ekinn 104 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga.

Verð 3.250.000.
Rnr.100700.


SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðuðu úrvalið



Allt er þá er þrennt er hjá Hyundai í Bretlandi

Hyundai í Bretlandi var í síðustu viku útnefndur bílaframleiðandi ársins hjá Motor Trader, sem eru hagsmunasamtök þeirra sem starfa við bílgreinina í Bretlandi og gefa m.a. út samnefnt tímarit. Þetta er í þriðja sinn á sex árum sem Motor Trader útnefnir Hyundai sem besta bílaframleiðandann. Í álitu dómnefndar var einkum litið til söluárangurs Hyundai í Bretlandi, auk nýrrar og endurhannaðrar vörulínu Hyundai og einstakra nýrra gerða framleiðandans sem hlotið hafa fjölmörg verðlaun vítt og breitt um heiminn. Segir dómnefndin að allir þessir þættir muni eflaust hjálpa framleiðandanum að ná settum markmiðum til 2020.

Þegar verðlaunin voru afhent sagði Curtis Hutchinson, ritstjóri Motor Trader, Hyundai hafa aukið vörurval sitt á eftirtektarverðan hátt með nýjum og vel hönnuðum bílum sem uppfylli væntingar og þarfir allra helstu markhópa. „Árangurinn blasir við öllum. Hyundai í Bretlandi hefur aukið sölu um 25% frá 2010 og sló sölumet á síðasta ári þegar rúmlega 82 þúsund bílar voru afhentir nýjum eigendum. Forstjóri Hyundai í Bretlandi segir, að þótt fyrirtækið hafi tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum árum verði ekki látið þar við sitja. „Við viljum að Hyundai þrói áfram náið og persónulegt samband sitt við viðskiptavinum sína. Það munum við gera m.a. með því að bjóða upp á enn fjölbreyttara úrval bíla sem fólk langar til að eignast og einnig með því að bjóða viðskiptavinum enn persónulegri þjónustu. Markmið Hyundai er að selja a.m.k. 100 þúsund bíla á ári á breska markaðnum, öðlast 5% markaðshlutdeild og verða þar með í hópi fimm helstu bíla-merkjana þar í landi.



Opel Movano hlýtur titilinn „Green Van 2015“

Sendibíllinn Opel Movano tók gullið í keppninni „Green Van 2015“ og hafði þar betur en fimmtán keppinautar í flokki atvinnubíla sem eru undir sjö tonn að þyngd. Dómnefndin var skipuð sérfræðingum frá fagfólkum VerkefnaRundschau og Trucker sem voru sammála um að veita Opel Movano umhverfisverðlaunin „Green Van 2015“ fyrir lipurð, rými og hleðslueiginleika og síðast en ekki síst fyrir sparneytna CDTI, 2,3 l BiTurbo dísilvélina, sem eyðir einungis 8,5 l/100km og hefur minnstu CO2-losun allra keppinautanna. Opel Movano var sá eini sem hlaut yfir 6.000 umhverfispunkta í sínum flokki. Sá sem kom næstur var 170 punktum neðar. „Movano hefur slegið í gegn fyrir afburða sveigjanleika, lipurð og hleðslugetu og í fyrri fengu allir atvinnubílarinnir okkar sparneytnar og umhverfisvænar BiTurbo-dísilvélar sem eru m.a. að koma þeim á þennan stall í umhverfislegu tilliti, en þar ætlum við að halda okkur í framtíðinni,“ sagði Steffan Rasching frá Opel, sigri hrósandi, þegar hann veitti viðtöku verðlaunum fyrir umhverfisvænsta sendibíllinn, við hátíðlega afhöfn í Bonn á dögnum.

RENAULT MEGANE RS KOMINN TIL LANDSINS

280 hestafla skrukkukerra sem kostar aðeins 5.990.000 kr.

Til landsins er mættur einn af alskemmtilegustu „hothatch“ bílum sem kaupa má nú, þ.e. Renault Megane RS. Þar fer enginn kettlingur því undir húddi hans lúrir 280 hestafla vél sem kemur þessum netta bíl sannarlega úr sporunum. Rétt er að hafa í huga að þessi bíll átti lengi brautarmetið á Nürburgring-brautinni í flokki stallbaka áður en Seat Leon Cupra bætti það örliðið. Það eru ekki margir bílar sem fást hér á landi í þessum flokki ofurstallbaka, en þó hefur Hekla verið með í sölu Volkswagen Golf R, 300 hestafla bíl og selt nokkra slíka bíla nú þegar, enda frábær bíll þar á ferð. Verðið á þessum gullfallega Renault Megane RS er alveg til fyrirmyndar, eða 5.990.000 kr. og segja má að þarna fari ódýrustu hestöflin sem kaupa má.

Algjör raketta

Greinarritari fékk að reyna þennan kostagrip á dögnum og því lík hamingja. Þetta er algjör raketta sem límd er á veginn og þótt reynt hafi verið að fara svo hratt í beygjur að búist hafi verið við griplosi var því ekki til að dreifa og enn er velt fyrir sér hversu hratt sé hægt að fara á honum gegnum krappar beygjur og hringtorg áður en bílur er ofboðið. Þar ræður bara þor ökumannsins. Þessi bíll stendur nú í sýningarsal BL ef einhver heppinn kaupandi hefur ekki tryggt sér hann. Afl bílsins kemur frá aðeins 2,0 lítra vél en forþjappa og frábær vélartækni Renault, sem þekkt er úr Formúlu 1, nær öllu því afli sem sent er eingöngu til framhjóla bílsins. Með allt þetta afl er bíllinn eðlilega togstýrður og því er rétt að ökuþurfinn sé með báðar hendur á stýri þegar honum er gefið hressilega inn. Ef svo er gert úr kyrrstöðu spólar hann ógurlega og það



Renault Megane RS

er líka hægt þegar skipt er í annan gir og bensínfetillinn troðinn.

Vakti endalusa athygli

Ekki var frá því að nokkrar augnagotur frá vegfarendum hafi lent á bílnum í þau fáu skipti sem þetta var reynt, en ekki var það heldur leiðinlegt. Í raun var alls ekki leiðinlegt að aka á þessum bíl um bæinn, svo mikla eftirtekt vakti hann og margir vafalaust enn með hálsríg vegna höfuðsnúninga. Bíllinn sem reyndur var, og reyndar sá eini enn sem komið er, var svartur á svörtum felgum með rauðan og fagran ysta boga felganna. Rauður bremsubúnaður bílsins rímar svo við þennan boga, hann kemur frá Brembo og bremsudiskarnir eru svo stórir að ekki sjást stærri nema á öflugustu bílum Porsche. Enda er jafnmikill unaður að bremsa þessum bíl og gefa honum inn, en það er eins gott með öll þessi hestöfl í handraðanum.

Vill vera á háum snúningi

Framsætin er frá Recaro, hvað annað, ári þægileg og þau halda ökumanni læstum á réttum stað í öllum þeim átökum sem þessi bíll

hreinlega krefst af ökumanni. Öll öryggisbeltin í bílnum eru rauð og ýta þau enn undir sportlegt útlit hans. Þessi bíll, eins og margur annar sportbíllinn, elskar að vera á háum snúningi og þannig fæst líka allt afl hans. Því er alveg óhætt að hanga aðeins í girunum og njóta í leiðinni þess fallega hljóðs sem frá húddinu kemur. Bíllinn var að sjálfsögðu beinskiptur, en það liggur við helgisþjöllum ef öðruvísi væri farið.

Eins og venjulegur fjölskyldubíll í hægakstri

Það sem vakti kannski mesta furðu undirritaðs var að bíllinn er alls ekki stífur og hastur eins og loðað hefur við „hothatch“-bíla og þegar bíllinn var keyrður eins og venjulegur fólkubíll hegðaði hann sér einmitt þannig og fór vel með farþega. Svo vel er fjöðrun bílsins stillt. Það eitt réttlætir hann sem heimilisbíllinn sem allir í fjölskyldunni kunna að meta, en samt kannski helst heimilisfaðirinn – þó ef til vill líka grimmakandi húsmóðirin. Áhugasömum bílaunnendum og -kaupendum er rétt á benda á þennan bíl og gott verð hans.

BL Á SLÓÐUM TOUR DE FRANCE MEÐ JAGUAR

Team Sky með sex Jaguar-bíla í sinni þjónustu í keppninni.

Umboðsaðili Jaguar Land Rover hér á landi, BL, heimsótti nýlega liðsmenn Team Sky sem tóku þátt í reiðhjólakeppninni Tour De France sem nýlega er afstaðin, en Jaguar Land Rover er meðal helstu styrktaraðila liðsins. Ingbór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri þjónustuvíðs hjá BL, fór utan til að kynna sér starfsemi hjá Jaguar, en sem kunnugt er opnar BL umboð fyrir Jaguar síðar á þessu ári. Í ferðinni fékk Ingbór tækifæri til að heim-sækja liðsmenn Team Sky þar sem lokaundirbúningur fyrir Tour De France var í hámarki. Jaguar sá liðinu fyrir bílum fyrir keppendur og fylgdarlið, Pinarello-keppnisreiðhjólum, eldhúsbíl, kokkum, þjónustubílum og öðru sem alvöru lið þurfa á að halda.

Team Sky með 6 Jaguar bíla

„Þetta er mikið umfang, liðið var með sex Jaguar-bíla af mismunandi gerðum, m.a. F-Pace sem kemur ekki á markað fyrir en seint í haust og svo Land Rover Discovery jeppa. Þeir fylgdu liðinu eftir og sáu keppendum fyrir hjólum til skiptanna. Svo var svefnrúta með í för, eld-



Aldreí fyrr hafa sést Jaguar-bílar til aðstoðar í Tour de France.

húsvagn með tveimur kokkum sem sáu bara um keppendur liðsins. Það var allur matur búinn til á staðnum þannig að yfirkokkurinn, Henrik Orre sem er þekktur sjónvarpskokkur í Noregi, vissi nákvæmlega hvað fór ofan í keppendurna. Svo var þjónustu- og viðhaldsbíll sem sá um hjólin sem eru engin venjuleg hjól, þau vega ekki nema örfá kíló, eða mjög nálægt lágmarki reglugerðar keppinnar, sem segir að hjólin megi ekki vera léttari en 6,8 kíló,“ segir Ingbór.

Bílarnir vekja mikinn áhuga

Það er því ekki skrítíð að meðal

helstu hjólakappa heims þyki eftirsótt að vera styrktur af Jaguar. Að sögn Ingbórs segja stjórnendur Team Sky að keppnin í ár hafi skorið sig nokkuð úr frá fyrri keppnum hvað látið sig dreyma um að eiga! Þess má geta í lokin að hver keppandi hefur til umráða þrjár gerðir af hjólum, nokkur varahjól af hverri týpu, og hjólin eru sérsmíðuð fyrir hvern og einn keppanda, handföngin eru t.d. steypt eftir gripi hvers og eins, segir Ingbór.

Zero Emission



Innovation
that excites

VINSÆLASTI RAFBÍLL Á ÍSLANDI

ER Á **BESTA VERÐINU**, HEFUR MESTU REYNSLUNA
OG BESTA AÐGANG AÐ HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVUM!

INNIFALIÐ
6,6 KW HRAÐHLEÐSLUBÚNAÐUR

- TIL AFGREIÐSLU STRAX
- TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPPÍ



NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL
VISIA 3.990.000 KR. ACENTA 4.190.000 KR. TEKNA 4.490.000 KR.

Visia: Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, USB og AUX tengi, handfrjáls símabúnaður, bakkmyndavél, lykjalaut aðgengi, 6,6 kW hleðslubúnaður, innstunga fyrir hraðhleðslu, tímastilling á miðstöð, leðurstýri.

Umfram í Acenta: 16" álfelgur, litaðar afturrúður, hraðastillir (Cruise Control) með stillingu á hámarks-
hraða.

Umfram í Tekna: 17" álfelgur, miðstöð með varmadælu, 7" snertiskjár fyrir bakkmyndavél, 360° myndavélabúnaður, Bose hljómkerfi, Tekna innrétting, aðkomulýsing.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622


Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





3,0 L DÍLSÍLVEL, 272 HESTÖFL
Fjór hjóladrif

Eyðsla 5,7 l/100 km
í bl. akstri

Mengun 149 g/km CO2
Hröðun 6,3 sek.
Hámarkshraði 234 km/klst.
Verð 11.890.000 kr.
Umboð Hekla

↓

• Lítil útlitsbreyting frá fyrri kynslóð

↑

- Rými
- Góðir aksturseiginleikar
- Hljóðlátur
- Frábærar vélar

VANDFUNDINN MEIRI LÚXUS

Ný kynslóð Audi Q7 er komin til landsins og þar fer 325 kílóum léttari bíll en forverinn og lúxus er eina orðið sem kemur upp í hugann hvað varðar akstur hans, innréttingu og allan frágang.

AUDI Q7
Finnur Thorlacius reynsluekur

Var hægt að gleðja bílaáhugamann mikið meira en með því að afhenda honum eina eintakið af nýjustu kynslóð Audi Q7 til afnota um verslunarmannahelgina. Það var þó einmitt það sem Hekla gerði á dögunum og var þess notið til hins ýtrasta. Hér er kominn bíll sem margir Audi-aðdáendur hafa beðið eftir og sú bið er að taka enda og var þess virði ef mið er tekið af gæðum hans og þeim yfirmáta lúxusakstri sem hann býður upp á. Þetta er önnur kynslóð þessa myndarlega jeppa og seldist sú fyrri mjög vel hér á landi og hefur reynst vel. Því má ímynda sér að margur eigandiinn að fyrstu kynslóðinni geti hugsað sér að endurnýja og fá fyrir vikið gerbreyttan og enn betri bíl. Fyrir það fyrsta hefur Audi tekist að létta bíllinn um heil 325 kíló. Audi er þekkt fyrir mikla álnotkun í bíla sína og hér hefur fyrirtækið gengið enn þá lengra. Allt var gert til að létta bíllinn sem mest og átti það ekki einungis við yfirbyggingu hans heldur einnig undirvagn sem og hvaðeina sem létta mátti. Fyrir vikið er bíllinn frábær akstursbíll og afar snöggur með öllum þeim vélum sem í boði eru.

Stytti og mjórri en aukið rými

Ólíkt mörgum öðrum nýjum bílum hefur Audi minnkað Q7 og er hann nú 3,7 sentimetrum styttri og 1,5 cm mjórri. Það þýðir ekki að innarými hans hafi minnkað, heldur þvert á móti. Bilið milli fram- og aftursæta hefur aukist um 2,1 cm og höfuðrými hefur einnig aukist í bæði fram- og aftursætum. En það er ekki nóg að tala um fram- og aftursæti í þessum bíl, hann er með þriðju sætaröðina og þar fer líka einkar vel um farþega. Hægt er að fá þau með rafrænni uppsetningu og magnað er að sjá þau fara upp úr flötu gólfinu með því að styðja á takka. Þannig var reynsluakstursbíllinn útbúinn. Innarými bílsins er hreint út sagt stórkostlega fallett og mjög yfrið. Til dæmis var leikur einn að setja tvö fjallahjól inn í bílinn og ekkert fór fyrir þeim og nóg pláss fyrir annan farangur, sem ekki var þó með í för. Audi Q7 væri hinn fullkomni bíll til ferðalaga með sitt gríðarlega pláss og aksturs- og torfærugetu. Það er ekki heldur leiðinlegt að aka honum í bænum og vakti hann alls staðar mikla atygli og stöðu margir úr sér augun þegar þeir litu þennan fagra bíl. Að ytra útliti má glögg sjá að hér fer Audi Q7, hann er ekki svo mikið frábrugðinn fyrri kynslóð bílsins, en bara enn fegurri. Sumir hafa velt fyrir sér af hverju Audi breytti útliti hans ekki meira, en sumu fögru þarf bara ekki að breyta svo mikið. Þarna hefur Audi fengið á sig gagnrýni og margir vildu sjá drastíska breytingu á útliti bílsins, en sitt sýnist hverjum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sex strokka dísil- og bensínvélur og tvíorkuaftrás

Þessi fyrsti Q7 sem kominn er til landsins er með hinni kunnu 3,0 lítra dísilvél, sem nú er orðin 272 hestöfl. Þannig voru flestir þeir bílar af fyrri kynslóð sem seldust hér á landi, þó svo margir þeirra hafi verið með 8 strokka og 4,2 lítra bensínvélinni. Þessi dísilvél er ferlega öflug og skemmtileg og þeytir þessum myndarlega bíl í 100 km hraða á 6,3 sekúndum og gera fáir stórir jeppar betur. Enn betur má þó gera með 333 hestafla bensínvélinni, sem nú er orðin 6 strokka, en með henni er spretturinn tekinn á 6,1 sekúnda. Þriðja aflrásin sem í boði verður er tvíorkuaftrás með bensínsvél og rafmóturum sem skilar 368 hestöflum. Sá bíll kemur örlítið seinna á markað en hinir, en er ekki síður freistandi kostur með sinni litlu eyðslu. Uppgefin eyðsla hans er aðeins 1,7 lítrar og hann kemst fyrstu 56 kílómetrana á rafmagninu einu og mengar aðeins 46 CO2 g/km. Hann ætti því að vera í lægsta tollflokki og fást fyrir vikið á lágu verði. Við akstur dísilbílsins vakti það strax furðu að svo til ekkert heyrðist í vélinni og bíllinn er svo hljóðlátur í alla staði að minnið rekur ekki til annars eins. Ökumaður hefur ekki hugmynd um það að hann sé að aka dísilbíll og þó að gefið sé inn þarf að leggja við hlustir til að greina annars mjög fallett hljóðið í dísilvélinni og þætti sumum það hreinlega of lágvært, því stundum fylgir mikil nautn inngjöfum hvað hljóð varðar.

Eins og á persnesku töfrateppi

Akstri þessa bíls fylgir ein sú mesta lúxustilfinning sem greinarskrifari hefur reynt. Allt er svo áreynslulaust og fallett. Bæði er svo gaman að taka á bílnum, hvort sem er í beygjum eða mikilli hröðun á beinum köflum og hann hegðar sér eins og sönnum hefðarmanni sámir. Fjórðun bílsins er algert yndi og hann hlær að hraðahindrununum og snýr þeim eins og þær aldrei hafi verið til. Sama á við í akstri á malarvegum og reynsla erlendra ökumanna við hraðan akstur á vondum vegum í Namibíu var slík að aldrei höfðu þeir reynt eins litla fyrirhöfn við stýringu bíls á öðru hundraðinu á slíku undirlagi. Hann svifur bara yfir eins og farið væri um á persnesku töfrateppi. Auk þess var hægt að halda uppi lágværum samræðum í bílnum á meðan. Audi hefur tekist að lækka þyngdarpunkt bílsins um fimm sentimetrar og hefur það orðið til að auka aksturseiginleika hans til muna. Hérna fer því bíll fyrir vandláta. Verð Audi Q7 með dísilvélinni er 11.890.000 krónur, með 333 hestafla bensínvélina kostar hann 13.590.000 krónur en verð hans með tvíorkuaftrásinni er ekki ljóst enn. Verð Land Rover Discovery með sambærilegri dísilvél í afli er 13.990.000. Verð nýja Volvo XC90 jeppans með mun aflminni 225 hestafla dísilvél er 10.590.000 í ódýrustu útfærslu og 11.890.000 í dýrustu útfærslu.



INNRETNINGAR AUDI eru þekktar fyrir fegurð og hér slá þeir sjálfum sér við.

MÆLARNIR eru stafrænir og hrikalega flóttir.

MEÐ AÐRA OG ÞRIÐJU SÆTARÖÐ NIÐRI: er gólfid marflatt og flutningsrýmið nærri 2.000 lítrum.





1975 | Bílabúð Benna | 2015



Opel Movano

2,3 CDTi dísel notar aðeins 7,8l/100 km miðað við blandaðan akstur.

Verð frá: **4.105.000 kr.** án vsk.

Opel Vivaro

1,6 dísel ECOFLEX notar aðeins 6,5l/100 km miðað við blandaðan akstur.

Verð frá: **3.379.000 kr.** án vsk.

Opel Combo

1,3 CDTi dísel notar aðeins 5,1l/100 km miðað við blandaðan akstur.

Verð frá: **2.890.000 kr.** án vsk.

Eigum bíla til afhendingar strax.

OPEL ATVINNUBÍLAR

FJÖLHÆFIR VINNUÞJARKAR

Alvöru atvinnutæki sem léttu störfunni

Opel atvinnubílar eru hagkvæmir í rekstri og fást í fjölmörgum útfærslum sem hæfa þínum þörfum. Þeir eru þægilegir og fara vel með bílstjóran og vörurnar. Opel vinnuþjarkarnir geta ekki beðið eftir að komast í vinnuna!

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Verið velkomín í reynsluakstur.



Wir leben Autos.



Nissan smíðar einungis 17 Juke-R 2.0

Öflugasti jepplingur heims sem raðsmíðaður er til þessa er Nissan Juke-R 2.0. Þetta er önnur kynslóð Juke-R og skartar 600 hestöflum, en fyrri kynslóðin var 545 hestöfl og þótti mörgum nóg um. Þessir bílar eru ekki ódýrir og fyrri gerðin kostaði 650.000 dollara, eða um 87 milljónir króna og aðeins var smíðað 21 eintak af honum. Það er skiljanlegt í ljósi verðsins. Sá nýi verður ekki ódýrari og því erfitt að finna heimili fyrir svo dýran bíl. Það gæti líka spilað inn í að von er á mjög öflugum jepplingum frá þekkt-

um sportbílaframleiðendum eins og Porsche, Lamborghini, Lotus, Maserati og Aston Martin. Allir vilja jú vera með í söluævintýri jepplinga þessa dagana. Auk þess koma engir jepplinga-aukvisar frá bílasmíðum eins og Mercedes Benz, Audi, BMW M og Range Rover. Hve lengi Nissan Juke-R verður öflugasti raðsmíðaði jepplingurinn er óvíst, en þess verður vafalaust ekki lengi að bíða og líklegt er að verðmiðinn sýni lægri tölu þótt hann komi frá þekktum sportbílaframleiðanda.



BMW 7 í dísilútgáfu fær 4 forþjöppur

Heyrst hefur að BMW vinni nú að dísilvél sem fyrst mun sjást í BMW 7-línunni og verður með fjórar forþjöppur. Ekki er ljóst hvort einhverjar þeirra verða rafdrifnar, né heldur hversu stórar þær verða. Búist er við því að þessi dísilvél muni verða að minnsta kosti 400 hestöfl. Sprengirými dísilvélarinnar er 3,0 lítrar, en sú vél er einmitt í notkun í kraftmiklum útgáfum BMW-bíla eins og X5 M50d og X6 M50d. Þessi vél er nú kölluð M Performance TwinPower Turbo, en sú nýja er nú kölluð B57 TOP. Ef að líkum lætur mun þessi nýja dísilvél fyrst sjást í BMW M750d. Síðan þykir líklegt að hún verði einnig í bílum sem fengju nafnið BMW M550d, X5 M50d, X6 M50d og X7 M50d.



Franska ríkið selur 5% í Renault

Franska ríkið ætlar að selja þann 5% hlut sem það eignaðist í Renault fyrr í ár. Franska ríkið keypti þessi bréf þegar franskur bílaframleiðandinn var afar fjárvana og var það hluti af björgunaraðgerðum ríkisins til handa þarlendum bílaframleiðendum. Eftir sölu mun franska ríkið enn eiga 15% í Renault. Franska ríkið hefur sett sér markmið varðandi einkavæðingu eigna í eigu ríkisins og er þessi sala ekki síst liður í þeirri stefnu, en að auki hefur Renault braggast mjög frá því að ríkið keypti þennan 5% hlut og er ekki eins illa stadd og í byrjun árs.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

Leiðarvísir Frutin®



Fæða sem getur valdið

brjóstsviða



Sítrusávéxtir

Appelsínur, greipaldin og ávaxta-safar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.



Tómatar

Eins saklausir og þeir líta út fyrir að vera með sínum meinhollu næringarefnum, eins og lýkópen, þá eru tómatar afar súrir og fara misvel í maga.


Alkóhól

Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórrí máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindað.



Súkkulaði

Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.



Hvítlaukur og laukur

Sumt fólk sem fær gjarnan uppþembu eða brjóstsviða þarf oft að varast lauk og hvítlauk.



Sterkur matur

Chili, pipar, mexíkóskur matur, eða annar sterkur og kryddaður matur getur valdið brjóstsviða.



Hnetur, ostur, lárpera og djúsí steik

Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.



Kaffi

Kaffi, gos, te, íste, annar vökvi eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.

Kolsýrðir drykkir

Gos og aðrir kolsýrðir drykkir geta valdið uppþembu sem orsakast af auknum þrýstingi á hringvöðva vélindans og það getur leitt til brjóstsviða. Er ekki bara best að sýna skynsemi og forðast gosdrykkina.



Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.

Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðukennt lag í efri hluta magans.



Þessi leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkandi sýrustig í maganum

án þess að nota lyfseðilsskyld lyf. Takið 1-2 töflur eftir þörfum. Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.

Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.

IceCare ehf • Ármúli 8 • Sími 581 1090 • icecare@icecare.is • www.icecare.is



IceCare
þín heilsa

Húsviðhald

Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagirnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

99% RYKFRITT

VANTAR ÞIG IDNAÐARMANN?

IDNAÐARMENN

Við þjónustum þig með litil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jaiidnaðarmenn.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagirnir og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímabantanir. S. 891 8727 Stella.

908 1888

Komin úr sumarfrí. Spásími Daddýar-14-22 virka daga.

Rafvirkjun

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskípti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEDFERÐ.
Viltu léttast, takast á við kvíða, streyту, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
Tímabantanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
Flugnabani
fyrir 180-375m²

18.900,- vsk

WWW.verslun.is
Þöntonarsími: 5351300

Hágæða sláttutraktórar

Verð frá 300.000 m/vsk.

TIGA
Vetrarsól ehf.
Askatind 4 • Kópavogi • S 504 1884

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

HEILSA

Nudd

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. Opið á lau. S. 855 3199

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313
leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!
129 - 280 fm bíl með allt að 10 m loft hæð, stórar innkerysluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is
S. 690 3031 / 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Of ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Kaffibarþjónar óskast

MOKKA KAFFI
Skólavörðustíg 3a, 101 R
Opið daglega kl. 9.00-18.30

Kaffibarþjónar óskast í hlutastörf. Dag- og helgarvaktir. Æskilegur aldur 18 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum.

DEVITOS PIZZA
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Dagvinna og næturvinna. Um helgar.
Uppl. í s. 511 2244

Barnaheill
Save the Children & Iceland

Viðgjafi barna
börn eiga rétt á vernd og umönnun

VIFTUR

Þú færð hljóðlátu viftuna hjá Íshúsinu

Viftur-rör-tengi-hlífar



10%
afsláttur af tengjum með kaupum á viftum

Allt á einum stað!

Íshúsið
S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



viftur.is
-andaðu léttar

Ekki múkk!

Hljóðlátari en hvísl á bókasafni. Silenta rörarblásar.
Tilboð frá 29.990



Tilboð

Bjargvætturinn

Loftskiptiblasari fyrir loftlaus eða undirprýst rými. Barkar í boði.
Tilboð frá 34.990



Tilboð frá 34.990

Viftur

Úrval af iðnaðarviftum og blásurum á lager. Skoðuðu úrvalið.






HEFST 27. ÁGÚST



HEFST 13. ÁGÚST



HEFST 9. ÁGÚST



25. ÁGÚST




HEFST 24. ÁGÚST

OSCAR ISAAC
SHOW ME A HERO
HBO



HEFST 17. ÁGÚST



HEFST 9. ÁGÚST

MARAFON

Taktu maraþon af **Breaking Bad** eða **Mad Men**. Á Stöð 2 Maraþon eru meira en 800 klst. af sjónvarpsefni, úrvals seríum.

MÁNUDAGA

ORANGE IS THE NEW BLACK

HEFST 30. ÁGÚST

Á UPPLEIÐ

HEFST 26. ÁGÚST

LÝÐVELDIÐ
Rómantik

ALLA DAGA

LÁTA TÖNNU

ÞRIÐJUDAGA

BRINK

SUNNUDAGA

RIZZOLI & ISLES

MIDVIKUDAGA

THE MYSTERIES OF LAURA

SUNNUDAGA

24

MÁNUDAGA

SUITS

ÞRIÐJUDAGA

EMPIRE

SUNNUDAGA

THE THIRD EYE

Allt það besta hjá 365



ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu allt þetta frábæra sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði. Nýir íslenskir og erlendir þættir í bland við kvikmyndir í sérflokk. Tryggðu þér áskrift núna á 365.is eða í síma 1817.

SKEMMTIPAKKINN

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.



9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag




*Gildir fyrir áskrifendur til tilbodspökkum 365. Nánari upplýsingar á 365.is.

Veðurspá

Þriðjudagur

Fremur hæg suðvestlæg átt í dag. Skýjað með köflum og úrkomulftið, en léttir heldur til þegar líður á daginn, einkum um landið norðan- og austanvert. Milt í veðri, hlýjast í innsveitum.



Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10°	9°	13°
↖ 14	← 9	← 4
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
13°	9°	6°
↑ 6	← 7	↑ 12

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10°	9°	12°
↖ 14	↖ 6	↑ 7
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
12°	9°	5°
↑ 9	↖ 10	↖ 14

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. þús, 6. karlkyn, 8. fiskur, 9. spíra, 11. slá, 12. kryddblanda, 14. trimm, 16. pot, 17. að, 18. af, 20. horfði, 21. einn milljarðasti.

LÓÐRÉTT

1. tafli, 3. samþykki, 4. sambandsríkis, 5. berja, 7. gera óvandlega, 10. rölt, 13. dá, 15. gróft orð, 16. önn, 19. Utan.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. skák, 3. já, 4. alfrkis, 5. slá, 7. klasstra, 10. ark, 13. röt, 15. til, 18. frá, 20. sá, 21. nand. LÁRÉTT: 2. fjas, 6. kk, 8. áll, 9. ála, 11. rá, 12. karrk, 14. skökk, 16. of, 17. klám, 19. öfn, 19. án.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hannes Hlífur Stefánsson (2.549) átti leik gegn Aloyzas Kveinys (2.530) á Íslandsmóti skákkféлага.



Svartur á leik

20...He1+! Hvítur gaf. Hann verður óverjandi mót eftir 21. Kd2 Bb4+! 22. Kd3 (22. c3 Dd1#) 23...Db5+ 24. Kd4 Dc5 25. Kd3 Dc4#. Hann hefur verið í miklu stuði undanfarið og unnið tvö alþjóðleg mót í röð.

www.skak.is: Hjörvar í Ríga.

ÖLL BESTU LÖG

11. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU

BUBBI OG PÁLMI GUNNARS

ASAMT HLJÓMSVEIT

Í MINNINGU RÚNARS JÓLIUSSONAR SEM ORÐIÐ HEFÐI SJÓTUGUR Á ÁRINU

MIDASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS

prime EITT LAGENN HARPA

SUDOKU

LÉTT					MIDLUNGS					PUNG								
2	3	7		8	6			4	7	1	6	3			4			9
6	8		1	3	2				7				9		2	5		7
		1	6	7	8					2	7	5		5		1		3
9	5			8				9	8		5		4	6		9	1	3
	6	9			4					7	9	5	6		2		3	8
	4			5	6								7	3				
		5	2	7	8			4	5			9		5				
8			1	4				6				4		9	1	2	5	6
	2	9								2	6			4	8		9	1

1	7	8	4	9	3	6	2	5	2	5	8	3	4	7	1	6	9	2	6	8	3	7	9	5	4	1
2	9	5	7	1	6	3	4	8	3	1	4	5	9	6	2	8	7	3	9	4	6	1	5	7	8	2
4	3	6	2	5	8	1	7	9	9	6	7	8	1	2	3	4	5	1	5	7	4	8	2	6	9	3
6	8	1	5	7	4	2	9	3	1	2	5	6	7	8	9	3	4	9	1	2	5	3	7	4	6	8
7	2	4	9	3	1	8	5	6	7	3	6	9	2	4	8	5	1	4	7	3	8	2	6	9	1	5
9	5	3	6	8	2	4	1	7	4	8	9	1	3	5	6	7	2	5	8	6	9	4	1	2	3	7
3	1	7	8	4	9	5	6	2	5	7	3	2	6	1	4	9	8	6	2	5	1	9	8	3	7	4
5	4	2	3	6	7	9	8	1	6	4	1	7	8	9	5	2	3	7	3	1	2	6	4	8	5	9
8	6	9	1	2	5	7	3	4	8	9	2	4	5	3	7	1	6	8	4	9	7	5	3	1	2	6

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

MEGATILBOÐ

Ótrúlega flott úrval af pizzum
á frábæru verði



5 **FYRIR** **4**

AF ÖLLUM PIZZUM

299 kr. pk.

Verð áður 399 kr.

CHICAGO TOWN
PIZZUR



399 kr. pk.

THIN & CRISPY OG DEEP PAN
PIZZUR Í MIKLU ÚRVAL



99 kr. stk.

APPELSÍN, PEPSI OG PEPSI MAX
500 ML DÓS



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

MENNING

Kátína og yfirfullir salir á Act Alone

Uppgjör sjómans á dorúveidum, húnor og hamingja, leiksýning í kirkjunni, tónleikar með myndum, dans og útileikir. Allt á Suðureyri.

Sigríður Jónsdóttir
jonsdottir.sigridur@gmail.com

Eftir vel heppnaða byrjun á einleikjahátíðinni Act Alone, sem haldin er á Suðureyri, hófst þriðji dagurinn með leiklestri á verkinu Doría en Eyrún Ósk Jónsdóttir og Helgi Sverrisson standa að handritinu. Leikritið fjallar um uppgjör sjómans við sjálfan sig eftir að hann týnist í þokunni á dorúveidum. Ársæll Níelsson lék sjómanninn en hópurinn vonast til að þróa verkefnið áfram og flytja í fullri mynd á næstu misserum.

Edda Björgvins hélt fyrirlestur um húnor, gleði og hamingjuna fyrir troðfullu húsi seinna um kvöldið. Aukastóla þurfti til að koma öllum fyrir en allt gekk sem smurt. Tónlistarkonan Lára Rúnars hélt tónleika og fór yfir feril sinn með myndum, sögum og tónlist. Dansarinn og danshöfundurinn Katrín Gunnarsdóttir lokaði síðan sýningardeginum með verkinu Saving History.

Laugardagurinn byrjaði með heljarinnar barnaskemmtun. Löng röð myndaðist hjá Blaðraranum, börnin hreinlega eltu hann á röndum um bæjarplássið. Ævar vísindamaður hélt vísindanámskeið fyrir börn á öllum aldri í Þurhver og spennan hreinlega geislaði af börnunum þegar þau fengu að gera tilraunir með átrúnaðargöðinu. Seinna um daginn stjórnaði Ísgerður Gunnarsdóttir útileikjum og söng á þorpstúinu.

Listakonan Kolbrún Elma Schmidt



Á SVIDI FÉLAGSHEIMILISINS Kenneth Máni fór á kostum á sviðinu, enda myndaðist löng röð fyrir utan félagsheimilið áður en sýning hans hófst.

MYND/HLYNUR KRISTJÁNSSON

opnaði innsetningu undir nafninu Herðing í fiskhjalla sem afi hennar byggði, en hún blandar saman hljóðupptökum og efniviði úr öllum áttum í sinni listsköpun. Veitingastaðurinn Fisherman bauð upp á dýrindis fiskveislu, gestum að kostnaðarlausu, og lítill bókamarkaður var opnaður.

Þorpskirkjan var einnig notuð

undir listviðburði en leiksýningin Þú kemst þinn veg eftir Finnboga Þorkei Jónsson var sýnd þar áður en tók að rökkva.

Kenneth Máni sló í gegn um kvöldið en gríðarlöng röð myndaðist fyrir utan félagsheimilið áður en sýningin hófst. Tónlistarmaðurinn KK spilaði við mikinn fögnuð, eftirherman Karl

Örvarsson lék listir sínar og listakonan Ásta Fanney lokaði síðan hátíðinni á miðnætti.

Ævar Þór Benediktsson, vísindamaður með meiru, var að vonum ánægður með hátíðina:

„Stemmingin var virkilega góð og greinilegt að þetta er gert með hjartanu. Allir leggja hönd á plóg og

ef eitthvað vantar „þá er bara gengið í hús“, eins og Elfar Logi sagði brosandandi við mig þegar ég sagði honum að kannski vantaði mig örlítið meira kartöflumjöl í slímtílaunina mína. Það var tekið afar vel á móti mér og hátíðinni tekst að vera bæði prófessjónal en á sama tíma líka heimilisleg. Á Act Alone er gott að vera.“

NÝJAR VÖRUR FRÁ NIKE

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. SUN. 11-15.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

SKÓLATÖSKUR OG PENNAVESKI Í MIKLU ÚRVALI*



**SKÓLA-
TÖSKUR:**
VERÐ FRÁ
4.990 KR.

**GÆÐATÖSKUR OG
PENNAVESKI FRÁ**

EXPLORE™



SKOÐAÐU
ALLT ÚR-
VALIÐ Á
A4.IS



*Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook Pinterest.com/A4fondur og instagram.com/a4verslanir

A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

LAUGARÁS BÍÓ
miði.is
 Míðalaug og nánari upplýsingar
 Coca-Cola
 LAUGARÁSBIÓ

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

TRAINWRECK 12

FANTASTIC 4 12

MISSION: IMPOSSIBLE ROBOG NATION 12

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

TRAINWRECK	5, 8, 10:35
FANTASTIC FOUR	8, 10:15
MISSION IMPOSSIBLE	8, 10:35
PIXELS 3D	5
SKÓSVEINARNIR 2D	4
MINIONS 2D	6

SAMBIÓIN PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

MISSION: IMPOSSIBLE ROBOG NATION 12

FANTASTIC 4 12

ANT-MAN 2D 12

MISSION: IMPOSSIBLE 12

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	KEFLAVÍK	AKUREYRI
MISSION: IMPOSSIBLE	MISSION: IMPOSSIBLE	MISSION: IMPOSSIBLE	MISSION: IMPOSSIBLE	MISSION: IMPOSSIBLE
MISSION: IMPOSSIBLE VIP	FANTASTIC 4	FANTASTIC 4	FANTASTIC 4	ANT-MAN 2D
FANTASTIC 4	ANT-MAN 2D	ANT-MAN 3D	ANT-MAN 3D	ANT-MAN 2D
ANT-MAN 2D	THE GALLOWES	THE GALLOWES	THE GALLOWES	THE GALLOWES
THE GALLOWES	MAGIC MIKE XXL	MAGIC MIKE XXL	MAGIC MIKE XXL	THE GALLOWES
MAGIC MIKE XXL	SKÓSVEINARNIR 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D
SKÓSVEINARNIR 2D	TERMINATOR 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D
TERMINATOR 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D
INSIDE OUT 2D	JURASSIC WORLD 2D	MISSION: IMPOSSIBLE	FANTASTIC 4	ANT-MAN 2D
JURASSIC WORLD 2D	MISSION: IMPOSSIBLE	FANTASTIC 4	TRAINWRECK	THE GALLOWES
MISSION: IMPOSSIBLE	FANTASTIC 4	TRAINWRECK	PIXELS 2D	INSIDE OUT 2D
FANTASTIC 4	ANT-MAN 2D	PIXELS 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D
ANT-MAN 2D	THE GALLOWES	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D
THE GALLOWES	INSIDE OUT 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D
INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D
INSIDE OUT 2D	INSIDE OUT 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D	SKÓSVEINARNIR 2D

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

TRAINWRECK 12

FANTASTIC 4 12

MISSION: IMPOSSIBLE ROBOG NATION 12

AMY 12

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Líkamssofbeldi í Hollywood

Ekki er allt sem sýnist. Þessar stjórnur hafa gerst sekar um líkamsrásir. Sum atvik eru þekktari en önnur.



CHERYL COLE Fáir vita að árið 2003 réðst Cheryl Cole á starfsmann á baðherbergi á næturklúbbi. Sú sem kærði hana sagði ástæðuna hafa verið kynþáttaní en hún dró kærana til baka.



CARMEN ELECTRA Carmen var handtekin árið 1999 fyrir að ráðast á þáverandi eiginmann sinn, Dennis Rodman. Þeim var skipað að halda sig frá hvort öðru.



SEAN PENN Auk þess að hafa oft verið kærður fyrir að ráðast á paparazzi-ljósmyndara í gegnum tíðina var hann kærður árið 1988 fyrir að ráðast á Madonna, þáverandi konu sína, með hafnaboltakylfu.



CHRIS BROWN Eins og frægt er réðst hann á Rihönnu, þáverandi kærustu sína, árið 2009 á leið í fyrirpartí fyrir Grammy-verðlaunin. Hann játaði sekt sína fyrir dómara og hefur verið á skilorði síðan.



WILL SMITH Árið 1989 tók Will Smith þátt í ljótum slagsmálum sem enduðu á því að maður missti nær sjónina. Will var kærður fyrir líkamsrás á kærana var síðar felld niður.



NAOMI CAMPBELL Ofurfyrirsætan hefur nokkrum sinnum verið kærð fyrir líkamsrásir, meðal annars af aðstoðarkonu sinni. Hún var dæmd sek á árinu fyrir að ráðast á paparazzi-ljósmyndara á Ítalíu árið 2009.

Nýjar íslenskar skólatöskur frá Tulipop

Tulipop

VERÐ: 10.900 KRÓNUR



DEKRAÐ VIÐ KÆRUSTUNA Tyga dekraði svo sannarlega við Kylie í tilefni afmælisins.

Kylie Jenner orðin 18 ára

Raunveruleikastjarnan fékk 40 milljóna króna Ferrari-sportbíl frá kærastanum sínum, Tyga.

Kylie Jenner varð 18 ára gömul í gær en hún hélt heljarinnar veislu um helgina í tilefni þess. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Kylie náð langt í lífinu og hefur nú þegar sent frá sér nokkrar fatalínur og skrifað bók. Hún er fyrirmynd margra ungra stúlkna í tísku og förðun. Hún er á föstu með rapparanum Tyga en hann gaf henni 40 milljóna króna Ferrari-sportbíl. Öll fjölskyldan var mætt í

afmælið, þar á meðal Kanye West og Kim Kardashian. Það vakti athygli að Kris og Caitlyn Jenner mættu saman en það sýnir hversu stuðningsrík Kris er orðin eftir erfiða mánuði í kjölfar skilnaðarins. Afmælið var haldið á veitingastaðnum The Nice Guy sem er einn sá vinsælasti í Los Angeles. Kylie var með tvo kjóla til skiptanna í veislunni eins og sannri afmælisprinsessu ber.

Söluastaðir: Epal, verslanir Pennans Eymundsson um land allt, Heimkaup, vefverslun Tulipop (www.tulipop.is) og fleiri.
 www.tulipop.is
 www.facebook.com/tulipop

#KOLICELAND

PEPSI MAX OG WOW AIR KYNNA

KINGS OF LEON

Á FIMMTUDAGINN Í NÝJU HÖLLINNI



MÍÐASALA Á TIX.IS
SÍÐUSTU FORVÖÐ!



NÁNAR Á SENA.IS/KOL OG TIX.IS/KOL



MAX ÚTSALA

ALLAR VÖRUR
Á LÁGMAX
VERÐI!

max.is

MAX ÚTSALAN
ER Á FULLU!

Stærri en nokkru sinni fyrr!

Sjá allt úrvalið
á max.is

MAX
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

ÆVINTÝRAÓPERAN

Baldursbrá

eftir Gunnstein Ólafsson og Böðvar Guðmundsson

Í NORÐURLJÓSSASAL HÖRPU



Myndskreyting: Gunnar Jón - www.dnamt.is

Sýningar:

Laugardaginn 29. ágúst 2015 kl. 14.00 - *Frumskýning*

Sunnudaginn 30. ágúst 2015 kl. 14.00

Mánudaginn 31. ágúst 2015 kl. 20.00

Þriðjudaginn 1. september 2015 kl. 20.00

Aðeins þessar sýningar

Baldursbrá: Fjóla Nikulásdóttir
Spói: Eyjólfur Eyjólfsson
Rebbi: Jón Svavar Jósefsson
Hrútur: Davíð Ólafsson
Yrðingar: Barnakór Litla óperukompanísins

16 manna hljómsveit
Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson

Leikstjóri: Sveinn Einarsson
Aðstoðarleikstjóri: Árni Kristjánsson
Dansar: Ingibjörg Björnsdóttir
Leikmynd: Sigurjón Jóhannsson
Búningar: Kristína Berman
Grímur: Messíana Tómasdóttir
Ljós: Páll Ragnarsson



Fjóla Nikulásdóttir



Eyjólfur Eyjólfsson



Jón Svavar Jósefsson



Davíð Ólafsson



ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Tilnefning til íslensku
tónlistarverðlaunanna 2014

„Það er sjaldgæft að heyra jafn augljóslega innblásið og heiðtært tónverk sem ber jafnsterka vísbendingu um varanlegt endingargildi þegar við fyrstu heyrn.“

★★★★★ *Morgunblaðið - Ríkarður Örn Pálsson*

„Texti Böðvars er frábærlega ortur og tónlistin er eins góð og hugsast getur.“

★★★★★ *Fréttablaðið - Jónas Sen*

„Persónur eru skýrar og hafa hver sinn úthugaða karakter, bæði í texta og tónum.“

TMM - *Silja Aðalsteinsdóttir*

Ævintýraóperan Baldursbrá



Miðasala: www.harpa.is
Sími: 528 5050

**100%
DÚNN**

EKKERT
FIÐUR

40% afsláttur
af öllum dúnsængum

Stærð	Áður	Nú
70x100	12.990 kr	7.994 kr
100x140	16.990 kr	10.194 kr
140x200	39.990 kr	23.994 kr
140x220	44.990 kr	26.994 kr
200x220	58.990 kr	35.394 kr

20% afsláttur
af öllum dúnkoddum

Stærð	Áður	Nú
35x50	5.990 kr	4.792 kr
50x70	14.990 kr	11.992 kr

Allur dúnn er hitahreinsaður án kemískra efna.
Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn & bómull.
Léttar og hlýjar dúnsængur sem færa þér einstakan svefn.

ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM

15-60% afsláttur

15-30% afsláttur
af öllum púðum



30-50% afsláttur
af allri barnavöru



15-50% afsláttur
af barnarúmfötum



30-50% afsláttur
af öllum svuntum



Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is

15-60% afsláttur
af rúmfötum

30-50% afsláttur
af allri smávöru



Lín
DESIGN



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
 Vesturbergi og
 Arnarbakka



Iceland



BAKPANKAR

Erlu Bjargar
 Gunnarsdóttir

Boltakvóti

Ég spilaði brennó með stórum barnahópi um daginn. Þetta voru strákar og stelpur á öllum aldri. Strákarnir voru fullir sjálfsöryggis og snöggir að ná boltanum. Fóru í kapp við eigin liðsmenn og hrifsuðu boltann nánast úr höndum þeirra. Þegar stelpurnar náðu boltanum kölluðu þeir: „Ég skal! Gefðu ann!“ og oftast en ekki gáfu þær boltann eftir. Því trú strákanna á eigin getu var svo sannfærandi. Svo gæti orðið vandræðalegt að berjast af hörku fyrir boltanum en mistakast svo. Hitta engan. Auðvitað mistókst strákunum oft en það var allt í lagi því þeir fengu svo mörg tækifæri til að bæta það upp með þrumuskotum. Stelpurnar voru þó yfirleitt síðastar úr leik. Aðallega af því að þær voru ekki mikilvæg skotmörk í augum strákanna og gleymdust því á kantinum þar til í lokin. Stundum dattu þær út og horfðu út í loftið. Sungu lagstúf. Lögðu taglið.

PANGAÐ til skessumamma for að baula og skipaði strákunum að láta stelpurnar líka fá boltann. Jafnvel þótt þeir hefðu keppst við að ná honum fyrst. Jafnvel þótt stelpunum myndist kjánalegt að taka við boltanum. „Taktu bara boltann og skjóttu, stelpa!“

OG viti menn. Allt í einu kom einhver neisti í stelpurnar. Keppisskapið fyllti brjóst þeirra og þær dúndruðu vægðarlaust í allar áttir. Með misjöfnum árangri. Stundum út í runna. En þær fengu þó að prófa. Og prófa aftur. Og svo hitta og fagna. Og þær skutu á hinar stelpurnar sem voru ekki lengur öruggar í felum í einu horninu. Þær þurftu að hlaupa og hoppa og detta fyrir lífi sínu. Hafa fulla einbeitingu og augun á boltanum. Fjór færðist yfir allan leikvöllinn. Allt í einu fór að hljóma: „Skjóta Önnu! Skjóta Svövu!“ Munið þið hvað það er gaman að vera týpan sem allir vilja feiga í brennó? Því þá er maður ógn og maður er mikilvægur. Maður er með í leiknum.

ÆI, ég fór bara eitthvað að pæla í þessu vegna umræðu um kynjakvóta í kvikmyndabransanum.



GERÐU GÆÐA-OG
 VERÐSAMANBURÐ

Sumar útsala

25%

afsláttur af nokkrum eldri gerðum af heilsudýnum. Vandaðar 5 svæðaskiptar pokagormadýnur.

Verðdæmi:	Verð áður frá	Verð nú frá
180 x 210	129.900.-	97.425.-
193 x 203	129.900.-	97.425.-

Ath. Verð án botns

20-50%

afsláttur af lökum, hlífðardýnum og sængurverasettum, í stærðum

140x200 cm	200x200 cm
140x220 cm	200x220 cm

50%

afsl. af yfirdýnum tilvalið í hjólhýsið eða húsbilinn í sumar. Verð frá kr. 9.900.-

30%

afsláttur af flottum svefnsófum - Verðdæmi: Verð kr. 159.900.- nú aðeins kr. 111.930.-

3 litir

20-70%

afsl. af RÚMTEPPUM fyrir rúmabreidd 120 cm / 140 cm / Full 160 cm / Queen size **TAKMARKAÐ MAGN**

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Við erum í sumarskapi... Komdu og gerðu frábær kaup!

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
 Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum